

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...



Miðvikudagur 18. apríl 2007 – 16. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

Frakkland
Meira en
croissant og
ilmvötn



Opinberir starfsmenn
Flestir ánægðir þótt víða bjáti á



MBA-nám HÍ
Leikur að
læra



Baugur eignast Haga

Baugur hefur keypt út meðeigendur sína, Pálma Haraldsson og Jóhannes Kristinsson, í Högum.

Eftir viðskiptin á Baugur 95 prósent í Högum, sem reka matvöruverslanir og ýmiss konar smásöluverslanir hérlendis. Hlutur Pálma og Jóhannesar nam 26 prósentum og miðast viðskiptin við 28. febrúar. Pálmi og Jóhannes munu ganga úr stjórn Haga í kjölfar viðskiptanna.

Hagar eru umfangsmesta verslunarfyrirtæki landsins og uppi voru áætlanir um að skrá félagið á markað. Samkvæmt heimildum réðu efasemdir um að framlegð að innlendra smásöluverslun væri nægjanleg til að vekja áhuga á markaði því að ekki hefur orðið af skráningu.

- hh

Metnaður en ekki græðgi

Stöðnun er ekki kostur í ljósi þeirra miklu verkefna sem fram undan eru í þjóðfélaginu. Þetta var meðal þess sem Ingimundur Sigurpálsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, sagði við setningu aðalfundar samtakanna í gær.

Orðin voru viðbrögð við þeim röddum að nú væri tími til kominn að staldra við og hugsa sinn gang. Athafnammenn og forystumenn í atvinnulífi væru sumir hverjir jafnvel sakaðir um græðgi. Mikilvægt væri að gera glöggan greinarmun á metnaði og græðgi.

Þá sagði Ingimundur trúverðugleika, traust og stöðugleika mikilvæga þætti í efnahagsstjórninni. Það ylti að miklu leyti á að stjórnvöld hefðu metnað til að halda áfram á þeirri braut að skapa atvinnulífinu svigrúm til athafna. Tækist það myndi metnaður einstaklinganna njóta sín. Þá myndi vel farnast.

- hhs



INGIMUNDUR SIGURPÁLSSON

FRÉTTIR VIKUNNAR

Jákvæð viðbrögð | Úrvalsvísitalan náði nýjum methæðum eftir að matsfyrirtækið Moody's lækkaði langtímaeinkunnir bankanna. Lækkunin var í samræmi við væntingar og eyddi út óvissu sem skýrir viðbrögðin.

Dágóðir styrkir | Stærstu úthlutun Menningarsjóðs Landsbankans til þessa var úthlutað í vikunni þegar 75 milljónum króna var úthlutað til 75 góðgerðarfélaganna og annarra málefna hér á landi.

Mikil velta | Þinglýstir kaupsamningar á höfuðborgarsvæðinu í mars voru fleiri en í mars í fyrra. Séu fyrstu ársfjórðungar árunna bornir saman er fjöldi þinglýstra samninga svipaður.



Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Miðað við evru er gengi krónunnar nálægt sjö ára meðaltali að sögn Ásgeirs Jónssonar, forstöðumanns greiningardeildar Kaupþings. Á morgunverðarfundi fyrir fagfjárfesta þar sem hann kynnti nýja hagspá sagði hann í raun eðlilegra að miða við stöðu krónunnar gagnvart evru en gengisvísitöluna.

„Krónan er orðin hálfgerður fylgihnöttur við evruna,“ segir Ásgeir og bendir á að gjaldmiðlarnir hafi fylgst þétt að frá stofnun evrunnar árið 1999. Bankinn heldur í dag almennan fund um hagspá sína.

Efnahagslífið þokast nær jafnvægi og langtímahorfur eru bjartar í hagkerfi landsins, segir hagspánni. Jafnframt eru horfur taldar góðar á hlutabréfamarkaði og rúm fyrir áframhaldandi hækkunar. Í árslok gerir greiningardeildin ráð fyrir að úrvalsvísitalan verði komin í 8.500 stig, sem er hækkun um 500 stig frá síðustu spá.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar bankans, segir hátt vaxtastig Seðlabankans varða leiðina að jafnvægi í efnahagslífinu, auk þess sem inn í spili verklok stóriðjuframkvæmda. Í spánni er gert ráð fyrir 5,5 prósentu samdrætti þjóðarútgjalda. Hagvöxtur er þó sagður verða jákvæður á þessu ári þrátt fyrir samdrátt, en við hann styður meðal annars aukinn álútflytningur.

Væntingavísitalan er í sögulegu hámarki sem og úrvalsvísitala Kauphallarinnar en Ásgeir bendir á að oft aukist bjartsýni í aðdraganda kosninga. Jafnframt segir hann krónuna hafa haldist mjög stöðuga síðustu tvo mánuði í kringum 120 vísitölustig og útlit fyrir að hún geri það áfram. Á móti

neikvæðum fréttum á borð við lækkað láns hæfismat ríkisins hafi unnið mikil viðskipti með krónuna á gjaldeyrismarkaði. Þá segir hann ekkert í spilunum sem hrundið gæti krónunni úr þessu jafnvægi og bætir við að yfirlýsingar Seðlabankans um áframhaldandi háa vexti skýra stöðugleika krónunnar.

Greiningardeildin spáir stuttu verðbólguþögn í haust en telur að verðbólguþögn Seðlabankans náist um mitt næsta ár, heldur síðar en Seðlabankinn gerir sjálfur ráð fyrir. „Ekki er hægt að reikna með öðru en veikingu krónunnar með minnkandi vaxtamun og það komi til með að skila sér út í verðlag,“ segir Ásgeir.

Þá áréttar greiningardeildin að hraður hagvöxtur hér sé ekki bóla og hafi ekki stafað af stóriðjuframkvæmdum, nýskipan á fasteignamarkaði eða veikri ríkisfjármálastjórn. „Aflvél hagvaxtar hérlendis er fyrst og fremst alþjóðavæðing eða Evrópusamruni íslensks efnahagslífs ásamt lágum sköttum,“ segir Ásgeir.

Haraldur Yngvi Pétursson, sérfræðingur greiningardeildar Kaupþings, fór yfir þróun og horfur í Kauphöllinni. Hann segir mestan vöxt hafa verið hér, 20,7 prósent það sem af er árinu, en næst á eftir kæmi sænska kauphöllin með 10,1 prósent vöxt. „Enn er töluvert rúm fyrir hækkun á úrvalsvísitölunni og teljum við að hún endi kringum 8.500 stig í lok árs, eða hækki um níu prósent frá því sem nú er,“ segir hann. Í fyrri spá bankans var gert ráð fyrir að vísitalan færi í 8.000 stig. Hann segir þó ekki ólíklegt að einhverjar sveiflur kunni að verða á þessari leið þar sem margvíslegir hlutir geti haft áhrif á skammtímaþróun gengis. Góð uppgjör fjármálaframtækja og ytri vöxtur er það sem greiningardeildin segir að styðji við hækkun markaðarins.

Frumkvöðlamenning knýr útrás

Frumkvöðlamenning Íslendinga styður við mikinn og hraðan vöxt margra íslenskra fyrirtækja. Þessi tilgáta er sett fram og rökstudd í vinnugrein sem kynnt var í Háskóla Íslands í gær.

Vinnugreinin er einn hluti umfangsmikillar rannsóknar viðskipta- og hagfræðideildar á þeim

kröftum sem knýja íslensku útrásina áfram. Henni var hleypt af stokkunum í fyrrahaust. Vaxtarhraði íslenskra fyrirtækja hefur verið ótrúlegur á undanförunum árum. Það má að hluta rekja til hagstæðs viðskiptaumhverfis og greiðs aðgangs að fjármagni.

Í vinnugreininni segir einn-

ig að sterkar vísbendingar séu um að fyrirtækjamenning spili þar stórt hlutverk. Fyrirtækjamenning stærstu íslensku útrásarfyrirtækjanna einkennist öðru fremur af þáttum á borð við hraða ákvarðanatöku, löngum vinnudögum, framkvæmdaglegð, óformleika og frumkvöðlahegðun. - hhs

120
1886
2006

Örugg ávöxtun
í þeirri mynt
sem þér hentar

Peningabréf
Landsbankans

ISK
13,7%*

GBP
4,8%*

USD
5,9%*

EUR
4,3%*

Markmið
Peningabréfa er
að ná hærri ávöxtun en
millibankamarkaður og
gjalddeyriseiningar. Enginn
munur er á kaup-
og sölugengi.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. mars – 31. mars 2007.

GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---------------------|------|--------------|
| 365 | -1% | -26% |
| Actavis | 3% | 21% |
| Alfesca | -1% | -6% |
| Atlantic Petroleum | -1% | 25% |
| Atorka Group | 0% | 2% |
| Bakkavör | 5% | 11% |
| FL Group | 2% | 18% |
| Glitnir | 0% | 16% |
| Hf. Eimskipafélagið | 1% | 5% |
| Kaupþing | 6% | 30% |
| Landsbankinn | 7% | 28% |
| Marel | -3% | -5% |
| Mosaic Fashions | 6% | 9% |
| Straumur | 5% | 21% |
| Össur | 2% | 12% |

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Landsbankinn þreifar á Bretum

Landsbankinn er sagður á meðal bjóðenda í breska verðbréfamíðlarann Bridgewell Group. Hollenska blaðið De Tijd segir fimmtán aðrar fjármálastofnanir í Bandaríkjunum og Evrópu hafa hug á að leggja fram yfirtökutíðboð í fyrirtækið.

Bridgewell, sem skráð var á Aim-markaðinn í breska kauphöllinni í fyrra, hefur átt við rekstrarvanda að stríða og var afkoma félagsins fyrir síðasta ár undir væntingum. Bridgewell var sett í sölufrelsi fyrir þremur vikum. Frestur til að leggja fram tíðboð rann út á föstudag en gert



SIGURJÓN Þ. ÁRNASON BANKASTJÓRI

er ráð fyrir að salan gangi í gegn á næstu þremur vikum.

Breska blaðið Financial Times sagði í gær að stjórnendur Bridgewell væru að skoða bjóðendurnar og hafi Jim Renwick, forstjóri Bridgewell, og Darren

Ellis, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, komið hingað til lands á mánudag til fundar með Landsbankamönnum.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, vildi ekkert um málið segja og vísaði til þess að bankinn tjáði sig almennt ekki um vangaveltur fjölmiðla fyrir en málin skýrðust.

Verðmiði hefur ekki verið settur á Bridgewell Group en breska blaðið The Telegraph segir það geta hlaupið á um 52 milljónum punda, tæpum 6,8 milljörðum króna, miðað við gengi fyrirtækisins upp á 127,5 pens á hlut. - jab

Glitnir kaupir í Noregi

Glitnir Property Holding hefur eignast Glitnir Property Group í Ósló og 91 prósent hlut í sænska fasteignaráðgjafarfyrirtækinu Leimdörfer AB. Sameiningin er sögð liður í því að verða leiðandi í fasteignaráðgjöf á Norðurlöndum.

Heildarvelta í fasteignaviðskiptum Glitnir Property Group og Leimdörfer var um 5 milljarðar evra, 440 milljarðar króna, í fyrra, að því er segir í tilkynningu.

- jab

EasyJet tvöfaldast frá sölu FL Group

Gengishagnaður væri orðinn meiri en af Icelandair.

Gengi hlutabréfa í easyJet, öðru stærsta lágjaldflugfélagi Evrópu, hefur ríflega tvöfaldast ári eftir að FL Group seldi sautján prósent hlut sinn. Gengi bréfa hefur farið úr 340 pensum á hlut í um 730 pens.

Fjárfestingin í easyJet er ein best heppnaða fjárfesting íslenskra fjárfesta fyrir og síðar en FL hagnaðist um þrettán milljarða á einu og hálfu ári. Við sölu losaði FL um 29 milljarða króna sem væru 64 milljarðar í dag - það er ef félagið ætti bréfin. Gengishagnaður án fjármagnskostnaðar hefði því orðið um 35 milljarðar á einu ári. Til samanburðar hagnaðist FL um 26 milljarða á því að selja öll bréf sín í Icelandair sl. haust.

Útlitið var ekki upp á marga fiska þegar FL hóf að fjárfesta í easyJet í október 2004 en þá hafði virði félagsins fallið um tvo

þriðju hluta á árinu. Á skömmum tíma þrefaldaðist gengið. Ein ástæðan fyrir gengishækkuninni voru væntingar um að FL tæki easyJet yfir, en jafnframt batnaði reksturinn. EasyJet hefur vaxið hratt eftir að FL fór út eins og sést á tölum yfir fjölda farþega og auknum tekjum.

Forsvarsmenn FL sögðu á sínum tíma að ástæðan fyrir sölunni hefði verið að innleisa góðan hagnað og snúa sér annað. „Við höfum notið þess að vera fjárfestar í easyJet og trúum því að félagið sé vel stadd innan sinnar atvinnugreinar og eigi bjarta framtíð. Þrátt fyrir það þá var það hagur FL Group að innleisa hagnað af fjárfestingunni á þessum tíma,“ sagði forstjórinn Hannes Smárason í tilkynningu.

Skömmu síðar fjárfesti FL í Fresco og jók hlut sinn í Glitni.

- eþa

Landsbankinn spáir 30 prósent hækkun á árinu

Reiknað er með mjög góðu uppgjöri hjá bönkunum á fyrsta ársfjórðungi. Straumur gæti verið fýsilegur kostur fyrir annan banka. Sögusagnir skapa óvissu um verðþróun.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Greiningardeild Landsbankans gerir ráð fyrir þrjátíu prósent hækkun Úrvalsvisítölunnar í ár og væntir að ávöxtun þeirra félaga sem bankinn fylgist með verði tæp 10 prósent á næstu tólf mánuðum. Vísitalan hefur hækkað um 22 prósent það sem af er ári.

„Við gerum ráð fyrir mjög góðum uppgjörum hjá bönkunum á fyrsta ársfjórðungi og einnig fyrir árið í heild,“ segir greiningardeildin. Hún reiknar með að Kaupþing hagnist um rúma 21,5 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi, Straumur-Burðarás um 104,5 milljónir evra (9.250 milljónir króna) og Glitnir um 6,8 milljarða króna. Landsbankinn spáir ekki fyrir um eigin afkomu.

Greiningardeildin spáir ekki fyrir um afkomu fjárfestingarfélaganna Atorku, Existu og FL Group vegna þess hversu takmarkaðar upplýsingar félögin gefa. Sum þessara félaga gefa takmarkaða upplýsingar um fjárfestingar sínar í hlutabréfum og gjalddeyri, önnur gefa takmarkaðar upplýsingar um fjármögnun sína í innlendi og erlendri mynt og þá hefur verið mikil óvissa hvað varðar uppfærslu á óskráðum eignum.

Búast má við áframhaldandi útrás sem hefur gengið mjög vel og aukið virði fyrirtækjanna. Hafa ber þó í huga að ekki er sjálfgefið að fyrirtækjakaup skili auknu verðmæti til kaupanda. „Íslensk fyrirtæki hafa vaxið gríðarlega hratt og eru mörg hver orðin meðal stærstu fyrirtækja í sinni atvinnugrein sem leiðir til meiri samkeppni um fyrirtækjakaup en áður hefur verið hjá þessum félögum.“

Landsbankinn bendir á fjögur fyrirtæki sem fjárfestar ættu að gefa gaum að. Þetta eru Exista og Kaupþing sem sameiginlega geti lagst í stóra yfirtöku fjármálafyrirtækis, Actavis, sem vinnur að því að verða meðal fimm stærstu á sínu sviði

SPÁ LANDSBANKANS UM 1. ÁRSFJÓRÐUNG (Í MILLJÓNUM KR.)

| Félag | Hagnaður á 1. ársfjórðungi |
|---------------------|----------------------------|
| 365 hf. | -63 |
| Actavis | 2.478 |
| Alfesca | 88,5 |
| Bakkavör | 1.031 |
| Glitnir | 6.811 |
| Hf. Eimskipafélagið | -221,3 |
| Icelandic Group | 513 |
| Kaupþing | 21.535 |
| Marel | -18,1 |
| Mosaic Fashions | 1.677 |
| Straumur-Burðarás | 9.246 |
| Teymi | 1.357 |
| Tryggingamiðstöðin | 1.264 |
| Össur | 19,5 |

Actavis, Alfesca, Hf. Eimskipafélagið, Icelandic, Marel og Straumur-Burðarás gera upp í evrum, Bakkavör og Mosaic í pundum og Össur í Bandaríkjadóllum.

á sérhverjum markaði og svo Straumur-Burðarás. „Sterk eiginfjárstaða gerir bankanum kleift að ráðast í nokkuð stóra yfirtöku en einnig gerir það bankann að fýsilegum sameiningar- eða yfirtökukosti fyrir annan banka,“ segir greiningardeildin.

Á það er bent að miklar sögusagnir hafi verið á sveimi um næstu skref fjármálafyrirtækjanna í útrásinni sem hafi orðið til þess að menn fjárfesti í félögum vegna væntinga um mögulegar yfirtökur eða samruna. „Sögusagnir á markaði geta tíma-bundið leitt til hækkana sem síðar geta gengið til baka. Sögusagnirnar eru því að skapa sveiflur sem leiða af sér meiri óvissu um verðþróun fjármálafyrirtækja á íslenska markaðnum.“

FT tilnefnir Glitni til verðlauna

Glitnir banki hefur verið tilnefndur til Sjálfbærnisverðlauna Financial Times í flokknum Sjálfbærni samningur ársins. Financial Times og IFC, einkageiraarmur Alþjóðabankastofnananna, stofnuðu til verðlaunanna til að veita viðurkenningu bönkum sem hafa sýnt frumkvæði og nýbreytni við að fella félags- og umhverfismarkmið saman við starfsemi sína.

Tilnefning Glitnis er fyrir þátt-

töku bankans í jarðhitaverkefni í borginni Xian Yang í Kína. Verkefnið var hið fyrsta á vegum hins nýstofnaða Shaanxi Green Energy. Það er sameiginlegt fyrirtæki Enex-China, sem Enex, Orkuveita Reykjavíkur og Glitnir banki eiga, og Shaanxi CGCOC Energy Development Construction LTD.

Verðlaunahafar verða kynntir við hátíðlega athöfn í Lundúnum í júní.

- hhs

Frá kr. 3.740.000
SANTAFE

- Fjór hjóladríf með 50/50 driflæsing
- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsuþjöfnun
- Hiti í framrúðu undir rúðuþurkum
- 17" álfelgur
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Tölvustýrð loftkæling
- Skriðstillir (Cruise Control)
- Fáanlegur 7 sæta

Santa FE, bsk. 2.7L V6 kr. 3.740.000

Kr. 37.593 á mánuði*

LANDLAG ÍSLENSKA
**BÍLL
ÁRSINS**
2007
BÍLÁBLADAMÁNA



Með bilinn handa þér

Hefur gæðin

Bíll á mynd: SantaFE. Bílasamningur: 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

HYUNDAI

www.hyundai.is

Öflugir, sveigjanlegir, stækkanlegir Ný kynslóð netþjóna frá Dell



Láttu fyrirtækið vaxa – ekki kostnaðinn



Ný kynslóð PowerEdge netþjóna frá Dell

Einföldun

- Netþjónar í okkar nýju vörulínu geta allir nýtt sér sama *System image*¹ og þannig einfaldað uppsetningar, umsjón og viðhald.

Hámarks uppítími

- Dell hannar, framleiðir og prófar hvern netþjón fyrir afhendingu og eykur með því gæði, dregur úr bilunum og einfaldar uppsetningavinnu.

Aukin afköst

- Allt að 152% afkastaaugning með nýjasta Intel® Xeon® örgjörvanum.²

Dell™ PowerEdge™ 2950

Netþjón með nýjustu kynslóð örgjörva. Fullkomið jafnvægi milli afkasta, áreiðan- og sveigjanleika fyrir stækkandi þjónustur s.s.

- Vefþjónustur
- Póstþjónustur
- Gagnagrunnsþjónustur
- Skráar- / Prentþjónustur

Dual-Core Intel® Xeon® 5110 örgjörvar
(1,6GHz, 4MB Cache, 1066MHz FSB)

4GB FBD vinnsluminni

2x 146GB SAS diskar

Tveir straumgjafar

3 ára ábyrgð

349.900 kr.

m.vsk.

EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.



1) PowerEdge 1950, 2950 og 2900 geta allir nýtt sér sama System Image. 2) Byggir á SPECjob2005 hraðaprófum, gerðum á tilraunastofum Dell í desember 2005. ©2006 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra hluta gildir aðeins þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell vörumerkið og PowerEdge eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation, Celeron, Celeron inside, Centrino, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Xeon og Xeon Inside eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annara. Microsoft® og Windows® eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerka annara. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölu getur notað afritunarvarnartæki.

Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft eru skýrð við fyrstu rásetningu hugbúnaðarins eða við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft, 510 6920.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Bjóða váttryggingar á heimsvísu Skiptast á upplýsingum

VÍS og sænska váttryggingafélagið If hafa gert með sér samstarfssamning á sviði váttrygginga og tengdrar þjónustu. Samkvæmt tilkynningu felur samningurinn í sér vídtækt samstarf í þeim löndum sem félögin og samstarfsaðilar þeirra starfa, svo sem við áhættumat, útgáfu váttrygginga og tjónaþjónustu.

„Með samningnum tengist VÍS vídtækt þjónustuneti If, sem gerir félaginu kleift að veita váttryggingaþjónustu á heimsvísu,“ segir VÍS. If er stærsta tryggingafélag Norðurlanda, í eigu finnsku fjármálasamsteypunnar



ÁSGEIR BALDURS

Sampo og rekur eigin starfsemi í ellefu löndum. „Auk þess er félagið með samstarfssamninga við fjölmörg félög víða um heim sem veita þjónustu fyrir hönd If á heimamörkuðum sínum. If hefur um 3,6 milljónir viðskiptavina og árleg iðgjöld vegna skaðatrygginga nema jafnvirði um 350 milljörðum króna. Til samanburðar eru árleg heildar-iðgjöld á íslenskum skaðatryg-

ingamarkaði um 30 milljarðar króna.“

Haft er eftir Ásgeiri Baldurs, forstjóra VÍS, að samningurinn sé mikilvægur áfangi í útrás félagsins. Vegna þess að umfang starfsemi íslenskra fyrirtækja í útlöndum hafi stórukist á undanförunum misserum kalli það á betri aðgang þeirra að sérhæfðri þekkingu og þjónustu víða um heim. „Samningurinn við If gerir okkur kleift að veita fyrirtækjum og einstaklingum heildarþjónustu á sviði váttrygginga, nánast hvar sem er í heiminum,“ er eftir honum haft. - óká

Gagnkvæm upplýsingagjöf Fjármálaeftirlitsins og saksóknara efnahagsbrota vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur verið bundin í samning. Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME, segir að með samningnum sé treyst enn frekar umgjörð eftirlits með peningaþvætti á fjármálamarkaði hér. „Auk hefðbundins eftirlits mun FME í framtíðinni einnig greina þær tilkynningar sem saksóknara efnahagsbrota berast.“

Markmið samningsins er sagt vera að auka samvinnu FME og saksóknara efnahagsbrota. Sam-



SAMSTARFIÐ HANDSALAÐ Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, og Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME, handsala samstarfssamning síðasta föstudag.

kvæmt samningnum skulu báðir koma til hins upplýsingum sem hann telur að „gagnist hinum aðilanum í starfi sínu að virtum lagaákvæðum um þagnarskyldu samningsaðila“. - óká

Óbreyttur hópur hjá Árvakri

Tækifærin liggja í fríblaða- og netútgáfu.

Einar Sigurðsson, forstjóri Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, gerir ekki ráð fyrir að hluthafahópur félagsins breytist vegna kaupa félagsins á öllu hlutfé í Ári og degi, útgáfufélagi Blaðsins. „Hluthafahópurinn sem stendur að þessu er þessi sami trausti hópur og hefur staðið að útgáfu Morgunblaðsins í áratugi með þeim breytingum sem hafa orðið undanfarin tvö ár.“

Einar segir að Árvakur vilji eiga



MORGUNBLAÐIÐ Árvakur hefur eignast allt hlutfé í Blaðinu eins og margir þjuggust við. MARKAÐURINN/HÖRÐUR

stöðu á fríblaðamarkaði sem hafi verið að koma upp við hlið áskriftarblaðamarkaðarins. Síðan Árvakur eignaðist helmingshlut í Blaðinu fyrir einu og hálfu ári hafi það legið í loftinu að menn myndu stíga skrefið lengra. „Við sjáum það fyrir okkur að okkar stærstu vaxtamöguleikar á næstu misserum eru annars vegar í fríblaðaútgáfu og hins vegar í netútgáfu þar sem við erum óumdeilanlega langstærstir í fréttamiðlun á netinu.“ - eþa

Vill breytingar á Sainsbury

Fasteignajöfurinn Tchenguiz hefur mælt fyrir um uppstokkun á rekstri og skipulagi breska stórmarkaðarins Sainsbury.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Fasteignajöfurinn Robert Tchenguiz lagði um síðustu helgi róttæka breytingu á bresku stórmarkaðakeðjunni Sainsburys fyrir stjórn félagsins. Breytingin felur í sér að rekstri þessarar þriðju stærstu verslanakeðju Bretlands verði skipt upp í tvær einingar sem muni styðja hvor aðra. Önnur einingin myndi sinna

áfram verslanarekstri en hin sjá um umsýslu eigna fyrirtækisins. Ef af verður mun Sainsbury verða skráð sem tvö félög í Kauphöll Lundúna í Bretlandi.

Tchenguiz, sem jafnframt er stjórnarmaður Exista og hefur sóst eftir sæti í Sainsbury í skjóli eignarhlutar síns, flaggaði í verslanakeðjunni um miðjan síðasta mánuð þegar yfirtökukapphlaup um hana stóð sem hæst. Hann hefur aukið við hlutinn jafnt og þétt í gegnum fjárfestingafélagið R20 og færði hann úr 4,67 prósentum í byrjun síðustu viku í 5,07 prósent í vikunni. Kaupverðið hleypur á um 514 til 535 pensum á hlut.

Á sama tíma og stærri hlutur fór undir hatt Tchenguiz drógu fjárfestahópar undir forsvari CVC Capital Partners í land með yfirtöku sína á stórmarkaðinum á miðvikudag. Mestu munaði um andstöðu Sainsbury-fjölskyldunnar, stærsta hluthafa í keðjunni við tilboðið sem hljóðaði upp á 10 milljarða pund, jafnvirði um 1.300 milljarða íslenskra króna. Það jafngildir um 562 pensum á hlut. Tilboðið var hækkað um 20 pens á hlut um páskana en hlaut ekki náð fyrir augum fjölskyldunnar, sem sagðist ekki sætta sig við neitt tilboð undir 600 pensum á hlut.

Breskir fjölmiðlar segja Tchenguiz ekki hafa ekki verið fylgjandi yfirtökutíloði fjárfestingahópanna. Breska dagblaðið Daily Telegraph hafði hins vegar eftir honum undir lok síðustu viku að hann hefði viljað sjá hluthafa ákveða það sjálfa.

Breska blaðið The Sunday Times segir að í skiptingu versl-



ROBERT TCHENGUIZ Fasteignamögullinn Tchenguiz er sagður leita eftir sæti í stjórn bresku matvörukeðjunnar Sainsbury til að veita róttækum breytingum sínum á keðjunni brautargengi.

anakeðjunnar felist meðal annars að skuldsetning fasteignahluta Sainsburys verður aukin til muna til að bæta fjárhagastöðuna.

Ekki er einhugur um skiptinguna en blaðið hefur eftir ónefndum heimildamanni að nokkrir séu mótfallnir því að gera róttækar breytingar á þessu rötgróna fyrirtæki til að bæta fjárhagastöðuna, sem sé ágæt fyrir.

Gengi bréfa í Sainsbury sveiflaðist nokkuð eftir að yfirtakan rann út í sandinn. Gengið fór hæst í 557 pens á hlut um miðjan síðasta mánuð en fór lægst í 521 pens á hlut á miðvikudag. Það hefur jafnað sig nokkuð síðan þá og stendur nú í um 534 á hlut.

Tillaga Tchenguiz um skiptingu Sainsburys í tvö félög hlaut greinilega náð fyrir augum greinenda en greiningardeild Deutsche Bank hefur hækkað verðmat sitt á Sainsbury úr 510 pensum á hlut í 525 pens á hlut.

Safnaðu þekkingu – sæktu þér aukinn styrk

Nýtt námskeið
23.apríl.

Stjórnun og fjármál: Störf stjórnarmanna lífeyrissjóða.

Nánari upplýsingar og skráning á
www.endurmenntun.is eða í síma 525 4444.

Lífeyrisbókin – handbók fyrir stjórnendur lífeyrissjóða sem gefin var út af Eignastýringu Kaupþings er lögð til grundvallar námskeiðinu sem er ætlað starfsmönnum og stjórnendum lífeyrissjóða og þeim sem áhuga hafa á stjórnun lífeyrissjóða.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

www.endurmenntun.is



Gott tækifæri fyrir iðnaðarrekstur ATH! aðeins 64.108 kr m²



Höfðasel 3

Akranes
IÐNAÐARHÚSNÆÐI

Verð: 74.500.000

Stærð: 1.162,1
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 75.150.000

Höfðasel 3 er 1162,1 m² stórt og glæsilegt iðnaðarhúsnæði með 5 stórum innkeyrsludrygum sem stendur á 5.000 m² leigulóð. Við húsið er 12,6 m² sementssíló. Húsnæðið er allt vel frágengið og hentar vel fyrir ýmsan iðnað. Innandyra eru 2 skrifstofur, kaffistofa, búningsherbergi með nógu skáaplássi, nýjar sturtur, 3 salernisaðstöður og sérinngangur í öll hólf.

Rekstur að Höfðaseli 3 býður upp á eftirfarandi:

- Lægri fasteignagjöld en í Reykjavík
 - Hagstæðara fermetraverð en á höfuðborgarsvæðinu
 - Möguleika á að hólfu niður í 100 m² einingar og leigja út eða selja sér
 - Heimild til að byggja við húsið
- Góður og mjög lítið notaður 5 tonna hlaupaköttur getur fylgt.

Nánari upplýsingar veitir Skúli í síma 897-0798 eða á skuli@remax.is

Póririnn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Skúli Örn
Sölufullni
897 0798
skuli@remax.is



Lítill heimur

Heimurinn er lítill þegar hugsað er stórt. Það gerum við!

Eimskip er með 184 skrifstofur í 31 landi, rekur 45 skip, 25 flugvélar og 1350 flutningabíla og tengivagna. Hjá félaginu starfa um 9500 manns. Starfsemi okkar snertir því, beint eða óbeint, daglegt líf fólks í öllum heimshlutum.

... hugsum stórt



EIMSKIP

Meira en croissant og ilmvötn

Er fransk markaðurinn mettur og hnignandi? Eða er hann fullur nýrra tækifæra sem alþjóðlegir fjárfestar hafa ekki efni á að láta framhjá sér fara? *Hólmsfríður Helga Sigurðardóttir* sótti svörin á ráðstefnunni Franskt vor í viðskiptum á Íslandi.

Vín, verkföll, ostar, rómantik, saga, hroki, fegurð, kvenleiki, gæsalífur, karlmennska, blóðhiti, hátíska, breiðgötur, baguette, landbúnaður, fjölmenn-ing. Í augum heimsins endurspeglast Frakkland í öllum þessum orðum og fleirum. Fá lönd í heiminum kalla eins margar ólíkar myndir upp í hugann.

Frakkland er líka ríkt land og fjölbreytt og það stærsta í Vestur-Evrópu. Þar búa rúmlega 63 milljónir manna. Um tuttugu prósent þeirra búa í París og umhverfis hana. Frakkland á landmæri að sex löndum og gætir áhrifa þeirra allra í franskri menningu.

EFNAHAGSLEGAR ÁSKORANIR

Kostir og verðleikar Frakklands fyrir beinan útflutning og íslenskar fjárfestingar voru ræddir á fundi um viðskipti milli Íslands og Frakklands í síðustu viku. Hann var haldinn í tengslum við menningarhátíðina Pourquoi Pas? – Franskt vor á Íslandi sem nú stendur sem hæst. Að henni standa Fransk-íslenska viðskiptaráðið, menntamálaráðuneytið, franska sendiráðið og Cultures-france.

Þeir fyrirlesarar er tóku til máls á ráðstefnunni lýstu reynslu sinni af viðskiptum í og við Frakkland. Allir voru þeir sammála um að þar væri nóg af tækifærum. Frakkland hefur þó sína djöfla að draga, rétt eins og önnur lönd. Unnur Orradóttir Ramette, viðskipta-fulltrúi í sendiráði Íslands í París, fór í fyrirlestri sínum yfir helstu sjúkdóms-einkenni markaðarins. Frakkland hefur lítillaga dregist aftur úr viðmiðunar-löndum sínum á undanförunum árum. Hagvöxtur hefur ekki verið mikill og mælist nú um 2,2 prósent. Ekki hefur tekist að stemma stigu við atvinnuleysi sem nú mælist um 8,4 prósent. Unnur sagði óttann við alþjóðavæðinguna áberandi meðal Frakka. Stór frönsk fyrirtæki hafi verið öflug á alþjóðamörkuðum en á meðan hafi dregið úr samkeppnishæfi smærri franskra fyrirtækja. Þau hafi ekki fjárfest eða sinnt rannsókn og þróun nægilega, enda sé aðgangur þeirra að fjármögnun ekki greiður.

VILLANDI STAÐALÍMYNDIR

Frakkland gegnir mikilvægu hlutverki í efnahagi Evrópu og heimsins alls. Það er fimmta stærsta efnahagsveldi heims miðað við landsframleiðslu og þriðji stærsti þjónustuútflytjandinn. Hvergi í heiminum er eins mikið innflæði erlendra fjárfesta og í Frakklandi, nema í Kína. Umtalsverður hluti franskra fyrirtækja í eigu erlendra aðila. Í máli Gilles Debuire frá Invest in France Agency kom fram að árið 2006 jukust beinar fjárfestingar í Frakklandi til muna og sköpuðu fjörutíu þúsund ný störf. Þar af voru sex þúsund sem Norðurlöndin stofnuðu til.

Þrátt fyrir þetta eru þær hugmyndir lífseigar að fransk markaðurinn sé lokaður, illa samkeppnishæfur og þar sé flókið að stofna fyrirtæki. Þær eiga lítið við rök að styðjast. Franskur vinnu- markaður hefur löngum verið álitinn martröð atvinnurekenda. Framleiðni vinnuafli er þó mun hærrí í Frakklandi en á Íslandi og sú fjórða mesta í heiminum. Verkföll eru alls ekki tíð þrátt fyrir að staðalímyndin gefi annað til kynna. Um 25 dagar töpuðust árlega á þúsund



PARÍS AÐ VORI Viðskipti milli Íslands og Frakklands hafa tekið kipp á undanförunum tveimur árum. Á fundinum „Franskt vor í viðskiptum á Íslandi“ kom meðal annars fram fram að 6.700 starfsmenn starfa nú hjá 28 íslenskum fyrirtækjum í Frakklandi. Fyrir tíu árum voru fyrirtækin fjögur og starfsmennirnir 150.

íbúa vegna verkfalla á árunum 2002 til 2004. Það er til samanburðar við 298,8 á Íslandi, ef tölur Gilles eru réttar. Frakkland er líka undir meðaltali Bretlands, Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar, Ítalíu og Spánar.

Hugmyndir um slaka enskukunnáttu Frakka eru ýktar. Þar talar 65 prósent fólks undir þritugu ensku og níutíu prósent þeirra sem hafa háskólagráðu. Frönskukunnátta er þó mikilvæg. Fram kom á ráðstefnunni að um þrjátíu prósent íslenskra fyrirtækja telja sig verða af viðskiptum árlega vegna vankunnáttu í erlendum tungumálum.

FIMM ER TÖFRATALAN

Fimm er vinsæl tala þegar kemur að viðskiptum milli Íslands og Frakkland. Unnur benti á að hlutfall útflutnings frá Íslandi til Frakklands af heildarútflutningi er fjögur til sex prósent, hlutfall franskra ferðamanna af erlendum ferðamönnum á Íslandi fimm til 6,5 prósent og hlutfall íslenskra fjárfest-

inga í Frakklandi af fjárfestingum erlendis fimm prósent.

Í dag eru 28 íslensk fyrirtæki með 6.700 starfsmenn með starfsemi í Frakklandi. Fyrir tíu árum voru þau einungis fjögur og starfsmennirnir 150. Meðal þeirra er hvað stærst hlutverk gegna eru Polimoon, Alfesca, Bakkavör, XL Airways, Össur, Landsbankinn, Icelandair, Baugur og Marel. Mikill uppgangur hefur verið í viðskiptum milli landanna undanfarin tvö ár. Innflutningur frá Frakklandi hefur aukist um meira en þrjátíu prósent á ári á þeim tíma. Árið 2006 var vöruskiptahallinn í fyrsta sinn Frökkum hagstæður.

Nicole Michelangeli, sendiherra Frakka á Íslandi, beindi orðum sínum til íslenskra fjárfesta á ráðstefnunni. Um leið og hún lýsti ánægju sinni með aukin viðskipti milli þjóðanna hvatti hún þá til að beina útrás sinni í auknum mæli til Frakklands. Landið hafi svo margt annað að bjóða en croissant og ilmvötn.

Sjö lykilatriði

til árangurs í viðskiptum við Frakkland

Unnur Orradóttir Ramette er viðskipta-fulltrúi Íslands við sendiráðið í París. Verkefni viðskipta-þjónustu utanríkisráðuneytisins (VUR) í Frakklandi er að sjá um hagsmunagæslu fyrir íslensk fyrirtæki



UNNUR O. RAMETTE, viðskipta-fulltrúi í sendiráði Íslands í París MARKAÐURINN/GVA

og bjóða þeim ýmsa sérsniðna þjónustu. Þá sinnir starfsfólk hennar upplýsingagjöf og svarar fyrirspurnum íslenskra og franskra einstaklinga og fyrirtækja. Á ráðstefnunni Franskt vor í viðskiptum á Íslandi í síðustu viku setti Unnur fram sjö lykilatriði sem vert er að hafa í huga hyggi fólk á árangursrík viðskipti í Frakklandi.

1 Hlutverk milliliða í þriðja landi

Meðal íslenskra útflytjenda er sú skoðun algeng að Frakkar séu erfiðir viðureignar í viðskiptum, þeim sé illa treystandi og þeir tali enga ensku. Margir eiga viðskipti við Frakka í gegnum milliliði norðar í álfunni og hafa lítil bein tengsl við Frakkland. Sökum þessa skynja þeir oft ekki þarfir Frakka né tækifærin sem felast í viðskiptum við þá. Til að mynda eru tækifæri á að komast sunnar í álfuna í gegnum Frakkland. Landið opnar dyr til Spánar, Ítalíu, Portúgals og Norður-Afríku.

2 Mikilvægi innlendra samstarfsaðila

Frakkar eru ekki vanir að leita út fyrir landsteinana eftir þjónustu eða vöru. Þeir eru vanir að eiga viðskipti við fyrirtæki innanlands. Því er þeim sem vilja stunda viðskipti í Frakklandi nauðsynlegt að finna innlendan samstarfsaðila.

3 Innlendir stjórnendur eða íslenskir?

Aðlögun íslenskra fyrirtækja í Frakklandi hefur stundum reynst erfið. Mörg þeirra hafa dregið úr þeirri stefnu að hafa íslenska stjórnendur við stjórnvöllinn þrátt fyrir að fjárfestingar í Frakklandi hafi aukist. Þar er hvort tveggja reglugerðarumhverfið og atvinnulöggjöfin mjög flókin. Þá er töluverður menningarmunur, bæði milli íbúa landanna og innan Frakklands. Íslenskum stjórnendum reynist oft erfitt að koma frönsku samstarfsfólki í skilning um þær breytingar sem þeir vilja koma í gegn. Franskir stjórnendur skilja menningarmuninn oft betur en þeir íslensku.

4 Almenn kurteisi

Mikilvægt er að muna einföld atriði eins og að bjóða góðan daginn, þakka fyrir og titla fólk á réttan hátt. Þetta er Frökkum eðlislegt. Íslendingar vilja oft gleyma þessu. Fyrir vikið geta þeir virst ruddalegir. Þessu geta Frakkar tekið illa. Þá virðast þeir hrokafullir í augum Íslendinga.

5 Undirbúningur og eftirfylgni

Mikilvægt er að skipuleggja vel öll viðskiptaerindi í Frakklandi. Maður stekkur ekki inn á franska markaðinn. Það tekur tíma að gera samninga. Vissa þarf að vera fyrir því í upphafi að sá tími sé fyrir hendi. Árangur af viðskiptum kemur oft ekki í ljós fyrr en um þremur árum eftir að undirbúningur hefst.

6 Samkeppnishæfni

Mikil samkeppni ríkir á frönskum markaði. Það þarf því að vera vissa fyrir því að þjónustan eða varan sem boðin er sé samkeppnishæf. Nauðsynlegt er að kynna sér markaðinn og samkeppnina vel áður en reynt er við hann.

7 Mannleg samskipti

Viðskiptasambönd við Frakka eru mjög traust þegar þau á annað borð eru komin á. En það getur tekið tíma að mynda þau. Þá er mikilvægt að staðfesta allt sem hefur verið sagt skriflega. Óskrifuð og ósögð orð geta líka verið túlkun í Frakklandi. Því þarf að tala skýrt og fara vel yfir öll atriði samninga. Íslendingar eiga það til að vera mjög latir að skrifa og svara bréfum. Það túlka Frakkar oft sem svo að enginn áhugi sé fyrir hendi.

Miðlaðu á **markvissan** hátt með **Netvision**



NETVISION

mentis HUGBÚNAÐUR



ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
í 30 daga á www.mentis.is

MICROSOFT
CERTIFIED
Partner

Kröfuharður?

Við höfum liðsinnt fjölda kröfuharðra fyrirtækja

við innheimtu viðskiptakrafna með góðum árangri.

Komdu með þínar kröfur - síminn er **440 7770**.

RÍKISSTARFSMENN HLYÐA Á RÆÐU FJÁRMÁLARÁÐHERRA Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra segir könnunina á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna lið í að koma á nauðsynlegum umbótum í starfsmannamálum. Margt jákvætt sagði hann hafa komið fram og um leið ýmislegt sem huga þurfi betur að.

MARKAÐURINN/GVA



Flestir eru ánægðir þótt víða bjáti á

Ný könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna leiðir í ljós að þótt víða hafi orðið framfarir í stjórnunarháttum stofnana bjáta erfið úrlausnarefni. Megn óánægja er meðal heilbrigðisstarfsfólks og ákveðnar stéttir virðast plagaðar af einelti.

Óli Kristján Ármannsson fer yfir könnunina og ræðir við Ómar H. Kristmundsson, dósent við Háskóla Íslands, sem umsjón hafði með henni.

Heilbrigðisstéttir eru plagaðar af óánægju með starfsumhverfi sitt, álag og launakjör. Sautján prósent ríkisstarfsmanna segjast hafa orðið fyrir einelti á vinnustað. Rétt rúmur fimmtungur segist vera ánægður með launin sín.

Þetta kemur fram í nýrri könnun sem kynnt var á morgunverðarfundum á Grand hóteli Reykjavíkur fyrir helgi. Kannað var starfsumhverfi ríkisstarfsmanna. Ekki birtist þó í könnuninni ein-tómt svartnætti. Þrátt fyrir óánægju með launakjör er starfsánægja almennt mikil, stjórnendur hafa tekið upp bættu stjórnunarhátti og endurmenntun er bæði mikið notuð og mikils metin.

Niðurstöðurnar, ásamt niðurstöðum sambærilegrar könnunar meðal forstöðumanna ríkisstofnana sem liggja fyrir í vor, verða svo lagðar til grundvallar í stöðumati og ákvörðunum um næstu skref hjá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Þá fá stofnanirnar sjálfar þarna mynd af stöðu mála og geta gripið til viðeigandi aðgerða. Svipuð könnun fór fram árið 1998 og má sjá að víða hafa orðið framfarir þótt viðhorf starfsfólks hafi ef til vill ekki breyst ýkja mikið.

Könnunin er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytisins, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn-

mála við Háskóla Íslands og ParX viðskiptaráðgjafar IBM. Könnunin var gerð í nóvember og desember síðastliðnum og að baki niðurstöðunum liggja svör tæplega 10 þúsund ríkisstarfsmanna sem starfa hjá 144 stofnunum ríkisins. Ljóst er því að verkið er bæði umsvifamikið og kostnaðarsamt og ljóst að ekki verður ráðist í könnun á borð við þessa á ári hverju. Skipulagning könnunarinnar miðar þó við að kannanir sem þessi verði endurtekin með nokkurra ára millibili, án þess þó að ákvörðun hafi verið tekin um það. Í niðurstöðunum er fjallað um stjórnun og stjórnunartengda þætti, mannauðsstjórnun ríkisstofnana og starfsaðstæður ríkisstarfsmanna.

Fram kemur í könnuninni að viðhorf ríkisstarfsmanna til margra þátta í starfsumhverfinu hafa lítið breyst milli kannanna. Til dæmis á það við um afstöðu til stjórnunar, ráðninga, vinnuáðstæðu, vinnuálags, streitu og jafnvægis milli vinnu og einkalífs. Þá mælist svipuð starfsánægja, starfsandi og hollusta við vinnustað. Sums staðar má þó greina jákvæðari afstöðu. Þannig hefur hækkað hlutfall þeirra sem telja að upplýsingamiðlun innan stofnunar sinnar sé í góðu lagi. Eins eru nú fleiri á því að að næsti yfirmaður á vinnustað leiðbeini og gagnrýni á uppbyggjandi hátt og leiti til starfsmanna áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar, auk

þess sem honum takist vel að leysa vandamál sem upp komi.


Misjafnt er þó eftir stofnunum hver afstaða starfsmanna er til stjórnunar og starfsumhverfis, en vísbendingar eru um að jákvæð áhrif hafi á viðhorf starfsmanna ef stofnunin framfylgir aðferðum mannauðsstjórnunar.

Afstaða starfsmanna til ráðninga er svipuð og árið 1998. Um 40 prósent eru sammála því að ávallt sé vandað til ráðninga starfsfólks hjá stofnuninni, en um 30 prósent segjast þekkja þess dæmi að á síðustu tveimur árum hafi verið ráðið í störf á öðrum forsendum en hæfni umsækjenda. Þetta hlutfall er hæst hjá æðstu stjórnsýslu, það er í ráðuneytum, þar sem 44 prósent þekktu dæmi um slíkt.


Við kynningu á niðurstöðum könnunarinnar var talið sérlega jákvætt hversu margir starfsmenn höfðu varið tíma til sí- og endurmenntunar, eða um 80 prósent. Þá töldu flestir þeirra að færni þeirra hefði aukist í kjölfar námsins.

Fleiri eru ánægðir með launin sín núna en árið 1998 þótt hlutfall þeirra sé enn ekki hátt, eða aðeins 21 prósent. „Afstaða til launa er breytileg eftir tegundum stofnana, menntun og kynferði. Þannig voru færri konur ánægðar með laun sín en karlar. Niðurstöður sýna að lítil fylgni er á milli starfsánægju og ánægju með laun,“ segir

VIÐHORF TIL VINNUSTAÐAR OG STJÓRNUNAR



HLUTFALL ÁNÆGÐRA OPINBERRA STAFA TIL VINNUSTAÐAR OG STJÓRNUNAR



congress

REYKJAVÍK

Ráðstefnubjónusta

Engjateig 5
105 Reykjavík
Sími: 585 3900
www.congress.is

ráðstefnur & hvataferðir

MIÐVIKUDAGUR 18. APRÍL 2007



NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Hjá sumum snýst lífið bara um ís...

VERSLUNIN
Brynja
Aðalstræti 3 - Akureyri



Það er öflugur hópur sem stendur á bak við fyrirtækið Practical. Frá vinstri: Heiður Vigfúsdóttir, Þóra Margrét Pálsdóttir, Marín Magnúsdóttir, Hafðís Ólafsdóttir og Aníta Ólafsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÓRÐUR

Skipuleggjum hvert smáatriði

Practical er þjónustufyrirtæki sem annast starfs- og hvataferðir.

„Practical er þjónustufyrirtæki og ferðaskrifstofa, sem skipuleggur meðal annars starfs- og hvatadaga fyrir fyrirtæki og hópa,“ útskýrir Marín Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Um er að ræða ungt fyrirtæki með starfsmenn sem hafa yfirgripsmikla menntun og áralanga reynslu að baki.“

Marín bætir við að fyrirtækið standi að auki fyrir hópefli, viðskiptaferðum, ráðstefnu- og vörusýningarferðum innanlands jafnt sem erlendis. Sem dæmi heldur fyrirtækið utan um fyrirhugaða ferð á Bauma, stærstu vinnuvélasýningu heims, sem haldin verður í München.

„Klæðskerasniðnar ferðir njóta þó einna mestra vinsælda og þá sérstaklega út í heim,“ segir Marín. „Þar sem við erum öðrum þræði ferðaskrifstofa leigjum við flugvél, göngum frá hótélbókunum og skipuleggjum dvölina í kringum áætlanir hópana, hvort sem áfangastaðurinn er Brussel, München, Bradislava eða Grænland.“

Við erum sum sé ekki með fyrirfram tilbúna ferðir heldur setjum saman pakka fyrir hópana og gildir stærð þeirra einu. Við höfum skipulagt starfs- og hvataferðir, óvissuferðir og árshátíðir fyrir sex og alveg upp í 600 manna hópa.“

Marín og starfsfélagar sjá að auki um kynna dagana og ferðirnar fyrir hópunum og skapa stemningu sé þess óskað. „Sem dæmi fáum við skemmtikrafta til að fara í fyrirtæki og kynda undir í mannskapnum fyrir árshátíðir og óvissuferðir. Búum til heiti á dagana og ferðirnar og auglýsum vel og rækilega.“

Ekki vantar myndunaraflíð þegar nafngiftirnar, eru annars vegar: Kúrekaævintýri, Þrautaganga, Stjarna í einn dag og Morðsaga. Marín vill þó sem minnst segja til um innihald ferðana, enda myndi það líklega rýra skemmtangildi þeirra.

„Svo er rétt að taka fram að við erum líka með atburðaskipulagingu,“ bætir Marín við. „Sáum til að mynda um opnun nýs hluta Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar um síðustu helgi. Svo skipuleggjum við 800 manna veislu í næstu viku í tengslum við sjávarútvegssýninguna í Brussel. Í öllum tilvikum önnumst við öll smáatriði og verðum á staðnum til að sjá til þess að allt gangi samkvæmt áætlun.“

roald@frettabladid.is

Enn er hlíðin fögur

Unnið er að stækkun hótelsins á Hvolsvelli, endurnýjun Njálusýningar Sögusetursins og tyrfingu sönghofs í Fljótshlíðinni. Margt fleira ber merki um framfarssemi ferðabjónustufólks í Rangárþingi.

„Hér er mikil uppbygging innan ferðabjónustunnar,“ segir Þuríður Aradóttir, nýráðinn markaðs- og kynningarfulltrúi í Rangárþingi eystra. Hún býr að Torfastöðum í Fljótshlíð og er menntuð í ferðamálafræðum við Háskóla Íslands með þjóðfræði sem aukafag. Þuríður hefur meðal annars umsjón með Sögusetrinu á Hvolsvelli. Þar stendur til að endurnýja Njálusýninguna sem er tíu ára í ár. „Aðkoman verður löguð og sýningin nútímavædd, til dæmis verður leiðsögn gefin gegnum heyrnartól. Gestir geta þá valið hvað þeir vilja hlusta á, sumir vilja minni fróðleik og aðrir meiri,“ segir Þuríður. Hún tekur fram að Björn G. Björnsson hjá List og sögu sem setti upp sýninguna sjá um endurbæturnar líka.

Listin á sinn sess í gallerí Sögusetursins og Kaupfélagssýninguna segir Þuríður vera falinn gimstein. „Íslendingar á miðjum aldri hafa mjög gaman af Kaupfélagshorninu því þar ber svo margt kunnulegt fyrir augu og eins er baggatínan okkar alger gullmoli. Um þúsund slíkar vélar voru gerðar í Vélsmiðjunni á Hvolsvelli og voru mikil frumkvöðlasmíð en rúllubaggatakin leystu þær af hólmi.“

Veislusalur Sögusetursins er viðarklæddur og bekkir þaktir hrosshúðum. „Það er mikil stemning sem fylgir þessum sal og einstök upplifun að vera hér í veislum,“ segir Þuríður brosandí. Hún vonast til að hægt verði að bera fram „eitt-hvað íslenskt og gott,“ dags daglega í sumar en segir veitingamenn leigja salinn til veisluhalda þegar þeim henti. „Sögusetrið stendur hvorki fyrir veislum né ferðum. Þar verður hins vegar öflug þjónustumiðstöð sem miðlar upplýsingum um allt sem er í boði á svæðinu,“ segir hún. Bætir við að þar verði opnað um miðjan maí og Njálusýningin 2. júní.



Ein af leikmyndum Njálusýningarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

Þuríður segir Hótel Hvolsvöll stækka um tugi herbergja og hjá Kaffi Langbrók í Fljótshlíðinni sé nýbyggt sönghof. „Þar verða ýmsar uppkomur fyrir hópa - söngur og veitingar,“ segir hún og heldur leiðsögn áfram í huganum. „Hinum megin við veginn eru Hellishólur með veitingasölu, golfvöll, gistingu og tjaldstæði.“



Þar er verið að byggja meira og selja bústaðalóðir. Rétt fyrir innan það er Smáratún sem er líka að bæta við gistiþlássið. Þaðan eru farnar þriggja daga ferðir á Njáluslóðir í sumar. Við á Torfastöðum verðum með styttri ferðir og Bjarni Sigurðsson sér um Njálufyrirlestra á sunnudögum í Sögusetrinu. Sr. Öundur Björnsson á Breiðabólstað breytti fjósinu í hestastiur og byggði skála sem hentar vel þeim sem eru í langferðum á hestum og er reyndar til útleigu.

Fljótt á litið virðist lítið um að vera í Landeyjunum. Þar dró samt einn íbúinn tvær trillur að landi, byggði pall milli þeirra og býður þar upp á veitingar. Einnig keyrir hann fólk á hertruukk um fjörurnar. Grandavör heitir fyrirtækið og ég hygg að hvergi í sveitum landsins sé haldið upp á sjómanna daginn með meiri glæsibrag.“

gun@frettabladid.is

„Sögusetrið á Hvolsvelli stendur hvorki fyrir veislum né ferðum. Þar verður hinsvegar öflug þjónustumiðstöð sem miðlar upplýsingum um allt sem er í boði á svæðinu,“ segir Þuríður.



Veislur - fundir - ráðstefnur

RÚGBRAUÐSGERÐIN

Veislusalurinn Rúgbrauðsgerðin ehf
Borgartúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 517-6545
www.rugbraudsgerdin.is

Salirnir henta vel fyrir alls konar veislur

brúðkaup • fermingar • skírnir • erfidrykkjur • afmæli • árshátíðir • þorrablot • jólahlaðborð

Ævintýri bragðlaukanna



Opið þriðjudaga- laugardaga frá kl. 18:00
Lokað sunnudaga og mánudaga

Verið velkomin

FRIDRIK V

Strandgötu 7 | 600 Akureyri | Sími 461 5775 | www.fridrikv.is

Minnistöflur

Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239

www.birkiaska.is


FOSFOSER
MEMORY

Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi



Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



flooré
GÓLFHITI

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) • 200 Kópavogur
Sími 567 1330 • Fax 567 1345 • www.hringas.is

Hringas ehf.

Golfmót Camus á Hótel Örk



Fyrirtæki - Vinahópar - Félagssamtök

Setjið upp ykkar eigið golfmót í vor og sumar.

Séu keyptar veitingar á Hótel Örk spilar hópurnir fritt á Arkarvellingum

Hafið samband, fáid senda matseöla, og pantið dagssetningu fyrir hópinn ykkar.

Mælum sérstaklega með grilli við sundlaugarbakkann.

Fritt inn á sundlaugarsvæðið fyrir allan hópinn. Sundlaug, jarðgufubað, pottar og vatnsrennibraut.

Tilvalið að bjóða mökum og börnum með í góða dagsskemmtun.

Sé gist falla niður vallargjöld á Gufudalsvelli.

Vinningar í boði Camus og Hótel Örk.

Fjöldi vinninga fer eftir fjölda þáttakenda.

Nánari upplýsingar og pantanir í síma 4834700

Hótel Örk * www.hotel-ork.is * info@hotel-ork.is



HÓTEL ÖRK



Herbergin eru rúmgóð og þægileg.

Allt gert fyrir gestina

Glymur er glæsilegt hótél í Hvalfirði þar sem góð aðstaða er til ráðstefnu- og fundahalda. Hansína B. Einarsdóttir og Jón Rafn Högnason reka hótelið.

Hótél Glymur hefur verið starfrækt í sjö ár og að sögn Hansínu eru markhóparnir tveir, annars vegar viðskiptalífið og hins vegar einstaklingar sem vilja láta dekra við sig. „Hótelið er í raun og veru sérhannað fyrir ráðstefnur og fundi en öll umgjörð er mjög glæsileg og auðvelt fyrir alla að slappa af hjá okkur og njóta lífsins,“ segir hún.

Mikið er um að innlendir og erlendir hópar notfæri sér aðstöðuna á hótelinu, að sögn Hansínu. „Á þessu ári erum við með bók-



Jón Rafn Högnason og Hansína B. Einarsdóttir reka Hótel Glym.

aðar einar tólf erlendar ráðstefnur, meðal annars hópa frá Ameríku, Japan og Skandinavíu. Við getum auðveldlega tekið á móti

hópum sem eru frá svona tíu og upp í fjörutíu til sextíu manns. Við erum með sérhannaðan ráðstefnusal sem tekur fjörutíu til sextíu manns í sæti, með allri tilheyrandi tækni, og til viðbótar við ráðstefnusalinn bjóðum við upp á sex til átta sérstök vinnurými ásamt lúxus fundarsal fyrir allt að átta manna einkafundi.“

Hansína segir að allt sé gert til þess að ráðstefnugestir hafi það sem best á meðan þeir dvelja á hótelinu. „Við veitum ráðstefnugestum fulla þjónustu varðandi símsvörun, ljósritun og annað. Við sjáum líka um alla þjónustu við gestina eftir að ráðstefnunum lýkur á daginn og erum með heita potta, nuddstofu, gönguferðir í lengri og skemmri tíma og skipulagðar sögu- og sagnaferðir um Hvalfjörðinn og nærsveitir. Ef óskað er eftir öðrum uppkomum eins og tónlistarflutningi eða leikritum erum við líka með sérstaka samninga við ýmsa aðila sem standa fyrir þess háttar.“

Þó að aðstaðan sé góð má alltaf gera betur og nýlega voru opnaðar þrjár nýjar svítur á hótelinu. „Svíturnar eru fimmtíu fermetra lúxussvítur, allar tveggja herbergja með einkasvölum, design-húsgögnum, nuddböðum, nuddrúmum og miklum lúxus. Með tilkomu þessara svíta aukast möguleikar okkar auðvitað, meðal annars á því að taka á móti fyrirtækjum sem gera miklar kröfur fyrir sína stjórnendur,“ segir Hansína.



Útsýnið frá hótelinu er falllegt.



Umhverfið er notalegt og auðvelt að láta fara vel um sig.



GÓÐUR FUNDUR

Á Icelandair hótélunum finnur þú frábæra fundaraðstöðu sem hentar fyrir fundi af öllum stærðum og gerðum. Við bjóðum fyrsta flokks tækniúnað, sérþjálfað starfsfólk og umgjörð við hæfi. Verið velkomin!

Sími: 444 4000 icehotels@icehotels.is

Nordica | Loftleiðir | Flughótel | Hamar | Flúðir | Rangá | Klaustur | Hérað

www.icehotels.is

IH
ICELANDAIRHOTELS



Bræðurnir Guðlaugur Steinar Ómarsson og Birgir Þór Ómarsson skoða silunga sem synda í tjörn á safninu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL



Í einu horninu situr tröllabarn í myrkrinu og er ekki hrifið af því að láta mynda sig. Sennilega hræðist það ljósið frá myndavélinni.

Skyggast inn í álfheima

Álfa-, trölla- og norðurljósasafnið var opnað á Stokkseyri nú í febrúar. Safnið er í Menningarhúsinu, sama húsi og Draugasetrið. Tilvalið er fyrir einstaklinga og hópa að skreppa til Stokkseyrar og skoða þessi tvö söfn og jafnvel fleiri sem finna má í bænum.

Sömu aðilar standa að Álfa-, trölla- og norðurljósasafninu á Stokkseyri og Draugasetrinu. Eins og á Draugasetrinu er öll uppsetning á Álfa-, trölla- og norðurljósasafninu mjög skemmtileg og einstaklega áhrifamikil

að fara í gegnum það. Hægt er að skyggast inn í álfheima, læðast í gegnum skessuhelli þar sem eigandinn sefur og upplifa norðurljósin í ísköldu umhverfi.

Boðið er upp á sérstakar safnaferðir til Stokkseyrar frá Reykjavík og er til dæmis hægt að fara í kvöldferðir þar sem bæði söfnin eru skoðuð. Á Stokkseyri og í næsta nágrenni er líka fjöldi annarra safna og góðra veitingastaða svo skemmtilegt getur verið að skipuleggja dagsferðir fyrir stærra hópa á svæðið. Nánari upplýsingar um Álfa-, trölla- og norðurljósasafnið og Draugasetrið má finna á heimasíðu safnanna, www.draugasetid.is. emilia@frettabladi.is



Hægt er að skyggast inn í álfheima í einum hólnum á safninu.



Í skessuhellinum sýður eitthvað í potti en erfitt að segja til um hvað það er.



Krydd í tilveruna er veislu- og grillþjónusta sem leggur mikinn metnað í að veita persónulega og góða þjónustu, ásamt því að að veita þér flotta veislu á sanngjörnu verði, allt frá litlum fundarbökkum upp í stóra veislu.



Endilega hafðu samband og við sjáum um allt sem þú óskar. Við komum á staðinn með allt, göngum frá eftir matinn og þú slakar á. Þú getur treyst á okkar veitingar og þjónustu.

Grillveislu
Putta- og pinnamat
Kaffihlaðborð
Steikarhlaðborð
Köld hlaðborð

Framandi hlaðborð
Margrétta veislu
Súpuveislu
Smörrebröd
Samlokubakkar

Handunnið konfekt
Brúðkaup
Fermingar
Útskriftarveislu
Afmæli

Fundur
Óvissuferðir
Möttökur
Starfsmannapartý
Erfidrykkjur

KRYDD
Í TILVERUNA

Veisluthjonusta.is • veisla@veisluthjonusta.is
Heiðar 822 0036

Austur-Evrópubúar í hvataferðum hérlendis

Fjöldi Austur-Evrópubúa kemur hingað til lands í hvataferðir á vegum Íshesta. „Í staðinn fyrir að troða öðrum um tær og fara í beina samkeppni ákváðum við að fara inn á nýtt markaðssvæði; Rússland, Pólland, Ungverjaland og fleiri lönd,“ segir Einar Bollason einn af eigendum Íshesta.

Algengast er að hvataferðirnar séu farnar í kringum jól og áramót rétttrúnaðarkirkjunnar og því er háanattími í janúar og febrúar. „Þetta hefur gengið mjög vel. Við fengum um 1.500 manns til okkar í ár en fyrir fjórum árum voru þetta um 150 manns,“ segir Einar. „Á meðan

þessi hvataferðabusiness hefur verið að færast til Austur-Evrópu, því þeir geta boðið svo gott verð, er gaman að því að við séum að fá þá til okkar í staðinn.“

Einar segir hvataferðirnar sem Rússarnir velji vera nokkuð frábrugðnar þeim sem við eigum að venjast. „Þetta eru ekki þessar hefðbundnu ferðir frá föstudegi til sunnudags. Þær eru lengri og starfsmönnum er gefinn meiri frjáls tími,“ segir Einar. „Þeir fá jafnvel tvo frídaga sem þeir verja yfirleitt í hestaferðir, jöklaævintýri eða eitthvað annað sem íslenskur ferðaiðnaður hefur upp á að bjóða.“ -tg



Íshestar hafa fengið 1.500 Austur-Evrópubúa í hvataferðir til Íslands á síðustu mánuðum.

Landsins glæsilegasta ráðstefnu- og sýningaaðstaða



Fífan og Smárinn

Fífan og Smárinn bjóða eina glæsilegustu sýningaaðstöðu á Íslandi, 14 þúsund fermetra sambyggðar íþrótt- og sýningarhallir sem hýst hafa margar af stærstu vörusýningum sem haldnar hafa verið hérlendis. Þráðlaust netkerfi og aðstaða fyrir minni fundi.

Fífan og Smárinn eru í miðju Kópavogsdals og aðkoma að svæðinu er mjög góð.

Nánari upplýsingar í síma 570 1600.
www.kopavogur.is



Salurinn

Salurinn í Tónlistarhúsi Kópavogs, einn besti tónleikasalur landsins og hannaður með góðan hljómburð í huga, hefur einnig reynst frábær staður fyrir ráðstefnur, fundi, kynningar og námskeið af ýmsu tagi.

Salurinn tekur 300 manns í sæti og góð veitingaaðstaða er í forrými.

Salurinn er í Borgarholti við Kópavogsgjána.

Nánari upplýsingar í síma 5 700 400.

www.salurinn.is

SKARFERN AUGLÝSINGASTOFNA



Kópavogsbær
- um þjóðbraut þvera

Fullkominn svefn

Árið 1852 hóf fjölskylda í litlum sænskum bæ, Köping, að handgera rúm. Fimm kynslóðum síðar eru þau enn að búa til rúm sem af mörgum eru talin vera þau bestu í heimi og hvergi er slegið af kröfunum um þægindi. Hästens rúmin eru einu handgerðu rúmin í heiminum sem eru eingöngu unnin úr náttúrulegum efnum. Það er hvorki einfalt né ódýrt, en árangurinn er óviðjafnanleg þægindi. Ullin heldur á þér hita þegar kalt er en heldur hita frá þér þegar heitt er. Hrosshárin loftræsta raka úr dýnunni. Hörinn kemur í veg fyrir stöðurafmagn. Bómullin gefur rúminu mýkt. Viðarumgjörðin er úr furu sem vex hægt norðan við heimskautsbaug og gerir rúmið eins sterkbyggt og endingargott og hugsast getur. Syfjar þig? Komdu í verslun okkar og upplifðu hvernig svefninn í Hästens rúmi er gjöf frá náttúrunni. Við munum örugglega vekja þig fyrir lokun.



Hästens 
since 1852

Gæðavara byggð á 150 ára
sænskri hefð nú fáanleg á Íslandi.

Verið velkomin.

Hästens verslunin í Reykjavík

Grensásvegi 3

108 Reykjavík
sími 581 1006

www.hastens.com

í niðurstöðum könnunarinnar. Starfsánægja er nefnilega nokkuð mikil og segjast átta af hverjum tíu ánægðir í starfi. Vinnuálag og streita virðist þó áberandi og mældist svipað og áður. Þá kom á óvart hversu margir sögðust hafa orðið fyrir einelti, en 17 prósent kváðust einhvern tímann hafa orðið fyrir því, þar af tíu prósent oftast en einu sinni. Eineltið er breytilegt milli einstakra stofnana og stofnanahópa, mest hjá löggæslustéttum 22 prósent, 20 prósent hjá öðrum mennta-, menningar- og fræðslustofnunum en framhalds- og háskólum og svo 18 prósent hjá heilbrigðisstéttum. Minnst er eineltið í æstu stjórnsýslunni, 10 prósent.

Ómar H. Kristmundsson, lektor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, sem er höfundur könnunarinnar segir mest koma á óvart hversu lítið viðhorf hafi í raun breyst milli kannana. „Þetta gæti hreinlega bent til þess að viðmið ríkisstarfsmanna hafi breyst, að fólk geri nú meiri kröfur, til dæmis til stjórnenda, upplýsingarmiðlunar og þess háttar hluta. Annað sem kom mér á óvart var hversu mikill breytileiki var í afstöðu starfsmanna frá einni stofnun til annarrar,“ segir Ómar. Hann telur breidd í svörum benda til þess að stjórnunarhættir eða eitthvað í starfsumhverfi fólks hafi mikil áhrif á þessi viðhorf.

Ómar segir að í ljósi niðurstaðna sé full ástæða til að staldra við og skoða starfsaðstæður heilbrigðisstarfsmanna. „Fram kemur að afstaða þeirra, til dæmis til stjórnunar, er heldur neikvæðari en í öðrum stjórnanaflokkum. Vinnuálag er mikið og streita auk þess sem í þessum hópi er einna mest óánægja með laun. Allt eru þetta frekar neikvæðir þættir og stendur náttúrlega bara svart á hvítu það sem hefur verið vítað að starfsaðstæður heilbrigðisstarfsmanna eru erfiðar.“

Varðandi viðhorf starfsfólks til mannaáninga segir Ómar ákveðna þætti koma á óvart. Hann bendir þó um leið á að ef til vill þurfi ekki að koma á óvart þótt oftast þekkist dæmi í æstu stjórnsýslu um að ráðnir hafi verið starfsmenn á öðrum forsendum en faglegum. „Þar ræður náttúrlega nálægðin við stjórnmalamenn og í sjálfu sér eðlilegar skýringar á þessu.“ Um leið bætir hann því við að meiri kröfur séu gerðar til stjórnenda ríkisstofnana varðandi ráðningarferli. „Þeir þurfa að fylgja starfsmannalögum, stjórnsýslulögum og fleiri þáttum sem stjórnendur einkafyrirtækja þurfa ekki að gera.“ Í þessu ljósi

segir hann hins vegar að jafnmikil reglusetning varðandi ráðningar myndi tryggja að alltaf væru málefnalegar forsendur að baki ráðningum. „En það virðist ekki vera,“ segir hann og bendir á að um leið og ríkisstofnanir hafi innleitt ýmsar nýjungar í mannauðsstjórnun bendi niðurstöður könnunarinnar til þess að helsti veikleikinn í starfsmannahaldi ríkisins séu mannaáningarnar. „En auðvitað hef ég heldur ekki samanburðinn við einkageirann þarna og veit ekki hvernig hann myndi koma út. En leikreglurnar eru náttúrlega aðrar og fólk gerir ráð fyrir því að málefnalegar forsendur liggja alltaf að baki ráðningum hjá ríkinu. Ég hefði viljað sjá meiri breytingu frá 1998 varðandi tiltrú manna að alltaf væri staðið eðlilega að ráðningum,“ segir Ómar. Meðan 61 prósent þekkti engin dæmi um að ráðið væri í störf á öðrum forsendum en hæfni árið 1998 hafði það hlutfall einungis hækkað í 68 prósent í lok síðasta árs.

Varðandi einelti segir Ómar þær tölur mjög háar og ljóst að þar vakni spurningar sem þurfi að svara. Hins vegar er þarna ekki til samanburður milli kannana því árið 1998 var ekki spurt um einelti. Sautján prósent sögðust einhvern tímann hafa lent í slíku og tíu prósent oftast en einu sinni. Ekki var gefinn upp neinn tímarammi. Varðandi kynferðislega áreitni höfðu hlutir lítið breyst, tæp fimm prósent höfðu lent í slíku, tæp tvö prósent einu sinni og svipaður fjöldi oftast en einu sinni. Árið 1998 höfðu 1,7 prósent lent í slíku áreitni einu sinni og 2,4 prósent oftast.

Mest var tíðni eineltis meðal starfsmanna sýslumanns- og lögregluembættis og fangelsa, 22 prósent. Hlutfall þeirra sem orðið hafa fyrir kynferðislegu áreitni er hins vegar hæst meðal mennta-, menningar- og vísindastofnana annarra en framhalds- og háskóla, eða 6,7 prósent. Ekki var spurt nánar út í þessa hluti. „Einelti er hins vegar oftast bundið við vinnufélaga og ætti því ekki að vera um að ræða einelti viðskiptavina, þótt auðvitað megi hugsa sér að fangar séu með fangavörð í einelti, eða eitthvað slíkt. Þetta kallar hins vegar augljóslega á nánari athugun á einelti og kom mér verulega á óvart þessi niðurstaða.“

Ómar vinnur áfram með gögn rannsóknarinnar sem hann segir uppbyggða með það í huga að endurtaka leikinn eftir nokkur ár. Þannig var tekið mið af könnuninni frá því 1998 þegar samdar voru spurningar fyrir þessa könnun.



SÉRFRÆÐINGAR STARFSMANNASKRIFSTOFU Hrunn Sveinsdóttir og Sverrir Jónsson eru sérfræðingar á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Hrunn segir að þegar liggja fyrir niðurstöður úr könnun sem verið er að gera meðal forstöðumanna ríkisstofnana verði línur lagðar um til hvaða aðgerða verði gripið þar sem úrbóta er talið þörf.

Vinnan er rétt að hefjast

Þegar liggja fyrir niðurstöður, bæði úr könnun á starfsumhverfi opinberra starfsmanna og sambærilegrar könnunar meðal forstöðumanna, verður rýnt í þær og leitað tækifæra til úrbóta í starfsmannamálum þar sem þeirra gerist þörf, að sögn Hrunnar Sveinsdóttur, sérfræðings á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Á starfsmannaskrifstofunni er unnið að starfsmannamálum ríkisins, svo sem kjarasamningum og lagaumhverfi auk þess skrifstofan hefur fetað sig áfram í mannauðsstjórnun. „Starfsmannaskrifstofan leggur áherslu á að leitað sé tækifæra til umbóta á vettvangi starfsmannamála hjá ríkinu og könnunin styður þau markmið,“ segir Hrunn.

Næsta skref segir Hrunn vera að ljúka við þann hluta könnunarinnar sem snýr að forstöðumönnum, en þær niðurstöður eiga að liggja fyrir síðsumars. „Síðan liggur fyrir að við þurfum að rýna í niðurstöðurnar og setja okkur markmið og framfylgja þannig að til aðgerða komi vonandi strax á næsta ári. Vinnan er rétt að hefjast.“

Hrunn segir mikilvægt að taka fram að þótt vissulega hafi komið fram hlutir sem þurfi að laga komi margt jákvætt í ljós í könnuninni sem fram fór meðal starfsmanna. „Starfsánægja er til dæmis tiltölulega há, 80 prósent starfsmanna eru ánægðir þótt



þar sé vitanlega breidd eins og annars staðar. Eins mælist hollusta hátt og menntun líka. Konum í stjórnunarstöðum hefur fjölgað og fólk telur færni sína aukast með endurmenntun og einungis 19 prósent starfsmanna sækja ekki endurmenntun. Þá telja fleiri en í könnuninni 1998 að viðskiptavinir séu ánægðir með þá þjónustu sem er veitt og fleiri hafa jákvæð viðhorf til stjórnunarháttanna næsta yfirmanns.“

Of snemmt er hins vegar að fullyrða um verkefni sem við blasi að sögn Hrunnar. „Við þurfum að skoða þessar niðurstöður miklu betur og í víðara samhengi. En markmiðið er náttúrlega að bæta og breyta og ef við hefðum ekki viðhorfin sem þarna liggja að baki gætum við ekkert farið í svona vinnu og það lýsir mikilvægi verkefnisins.“

Þá er ekki búið að taka ákvörðun um hvort eða hvenær verði ráðist í næstu könnun. „Við höfum vitanlega áhuga á því að endurtaka leikinn en að baki liggur mikil vinna, bæði hjá okkur og samstarfsfólki.“ Hrunn segir hins vegar að samanburðurinn á milli kannana sé mikilvægur, enda hafi verið tekin í notkun ný tæki til mannauðsstjórnunar og eins sé hann mikilvægur þegar að því komi að meta árangur þeirra stjórnunarverkefna sem gripið verði til. „En hvernig við vinnum úr þessu á eftir að móta og skoða.“



DR. ÓMAR H. KRISTMUNDSSON Ómar, sem er lektor við Háskóla Íslands, kynnti helstu niðurstöður rannsóknarinnar, sem fram fór meðal tíu þúsund ríkisstarfsmanna á starfsumhverfi þeirra fyrir áramót, á fundi um miðja síðustu viku.



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Sérkennileg viðbrögð norska Fjármálaeftirlitsins við eignarhlut Kaupþings í Storebrand:

Norskt fjármála- eftirlit í skógarferð

Hafliði Helgason

Íslendingar hafa að undanförmu gerst þátttakendur í alþjóðavæðingunni af fullum krafti með útrás íslenskra fyrirtækja. Sú þróun hefur verið býsna hröð, enda þjóðin að vinna upp tapaðan tíma. Erlend fjárfesting Íslendinga hefur verið að nálgast það sem þjóðir eins og Danir og Svíar gerðu fyrir öld eða svo.

Ekki fer hjá því að okkur hafi mætt á köflum sérkennileg og heimóttarleg viðbrögð sums staðar. Þar hafa frændur okkar á Norðurlöndum oftar en ekki reynst okkur erfiðastir. Danir reyndu með markvissum hætti að tala niður trúverðuleika efnahagskerfisins og íslensks kaupþingsfólks. Þar mættu nýir peningar Íslendinga tregðulögmáli gamalla peninga ráðsettra Dana. Danir eru þó ekki óvanir erlendra fjárfestingu og hafa gert sér grein fyrir mikilvægi þess að fjárfestingar virki í báðar áttir.

Nýjasta dæmið um mótstöðu er viðbrögð norska Fjármálaeftirlitsins við kaupum Kaupþings á hlut í Storebrand. Hluti umsagnar eftirlitsins lak til norskra fjölmiðla og hafi menn talið að tregðulögmál og heimóttarskapur einkenndu hluta íslensku umræðunnar, þá erum við hálfdrættingar á við Norðmenn ef dæma má af viðbrögðum norska Fjármálaeftirlitsins.

Fullyrðingar eftirlitsins um skort á reynslu og áhættusækni Kaupþings eru afar langsóttar. Steininn tekur þó úr þegar fullyrt er að bankann skorti eigið fé, en leitun er að banka af sambærilegri stærð með herra eiginfjárlutfall.

Viðbrögð norska Fjármálaeftirlitsins undir forystu Björns Skogstad Aamo ber samt ekki að taka of persónulega. Þar virðist ekki ráða ríkjum afstaða til íslenskra fyrirtækja, heldur afstaða til útlendinga yfirleitt. Björn þessi var í viðtali við Aftenposten og þar var fyrirsögnin „Hræðist útlendinga“. Þar sagðist forstjóri norska Fjármálaeftirlitsins hafa séð skýr merki þess að erlendar fjármálastofnanir hefðu minni skilning á sveiflukenndum norskum atvinnurekstri og sýndu norskum fyrirtækjum minni tryggð.

Þessi orð lýsa ótrúlegum heimóttarskap og skilningsleysi á þátttöku í heimi alþjóðavæðis. Réttindi og skyldur eru hugtök sem verða ekki aðskilin. Heimild Norðmanna til að fjárfesta víða um heim, og jafnvel að taka stórar fjárfestingarstöður til að koma íslenskum börnum í vandræði, eins og norskur Ólúsjóðurinn gerði í fyrra, hanga saman við skyldur þeirra að láta erlenda fjárfesta sitja við sama borð í þeirra eigin landi.

Röksemdafærsla Skogstads Aamo er úti í skógi og klassísk fyrir innilokunarumræðu sem sífellt vísar til óskilgreindrar sérstöðu sem enginn nema heimamenn skilji. Þennan tón má auðvitað finna í íslenskri umræðu einnig. Árangur Íslendinga af opnari hugsun ætti hins vegar að kveða niður heimsku í fornum skilningi þess orðs.

Meðan olíunnar nýtur við í Noregi geta menn sennilega leyft sér heimsku heimalningsins, en ekki mikið lengur.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olíkr@markadurinn.is

MARKAÐURINN

Einfalt mál

Hafliði Helgason
í hádegisfréttum
Stöðvar 2 kl. 12:12
alla virka daga

Skattar hér og þar

Dauði og skattar eru þeir tveir hlutir sem ganga má að vísun í lífinu ef marka má orð bandaríska hugsuðarins Benjamíns Franklin. Skattar eru mjög til umræðu í aðdraganda kosninga og er það vel. Árangur stjórnvalda er oft og tíðum mældur og veginn á grundvelli þess hvernig staðið er að skattlagningu. Vandamál við fjármögnun hins opinbera eru ekki séríslenskt fyrirbæri og þess vegna er líka við hæfi þegar skattar og þróun þeirra eru skoðaðir hér á landi að um leið sé leit að fanga í víðara samhengi og lítið til þess hvað grannar okkar aðhafast í þessu efni.

STRAUMAR OG STEFNUR Í OECD

Í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) frá 2006, Fundamental Reform of Personal Income Tax, er fjallað um þróun skatta í OECD. Í stuttu máli hefur þróunin undanfarna tvo áratugi verið á þann veg, að flest lönd hafa staðið fyrir umbótum í skattamálum. Skattlutföll beinna skatta hafa farið lækkaði. Skattstofnanir hafa verið breikkaðir og skattþrepum fækkað. Þetta hefur haft þau áhrif að skattkerfin eru orðin flatari og dregið hefur úr jöfnunaráhrifum. Jöfnun í skattalegu tilliti er það þegar skattbyrði fer vaxandi með

auknum tekjum. Þá hefur lækkun hæstu skattlutfalla á fjármagnstekjur einnig verið á döfningu. Þessar umbætur eru af svipum toga og hér á landi en hér hefur jafnvel verið gengið lengra í þessum breytingum en annars staðar. Þessi þróun á sér margar skýringar. Hvað launaskatta snertir hafa skattlutföll farið lækkaði þar sem farið er að horfa í auknum mæli til þess að há skattlagning á atvinnutekjur getur dregið úr hvata fólks til vinnu og verið vinnuleytandi. Með öðrum orðum er talið að ákveðið val sé milli jöfnunar og þess að hámarka framleiðslu og tekjur. Lækkun hátekjuskatta á Vesturlöndum er að auki rakin til þess að stjórnvöld hafi brugðist við því að einstaklingar í hæstu skattþrepum hafa í mörgum tilfellum val um skattlögsögu. Háir skattar geta leitt til atgervisflotta fólks með há laun og mikinn mannauð. Áhrif alþjóðavæðingarinnar gæti líka í síauknum mæli á fjármagnsmarkaði. Ríkisvaldið á í sífellt meiri samkeppni um skattstofna sem hafa orðið kvikir og hverfulir með aukinni alþjóðavæðingu. Meiri hreyfanleiki fjármagns samanborið við vinnuafleiðir til lægri skatta á fjármagnstekjur en launatekjur. Sjónarmiðið að betri sé einn fugl

ORÐ Í BELG

Axel Hall
Aðjunktur við
Háskólann í
Reykjavík




í hendi en tveir í skógi heyrast oft nefnt í þessu efni. Alþjóðavæðingin hefur þrýst á stjórnvöld að lækka skatta til að laða til sín fjárfestingu og atvinnutækifæri. Alþjóðleg fyrirtæki eru í auknum mæli meðvitðri um skattaumhverfi enda myndar það hluta af samkeppnisstöðu landa.

Á mynd 1 er að finna þróun meðalskattlutfalla af launum nokkurra tekjuhópa barnlausra einhleypna í nokkrum löndum OECD 2000 og 2005. Reiknaður er út meðalskattur einhleypna sem hefur 67%, 100%, og 167% af meðallanum sem tíðkast í iðnaði og þjónustu í einkageiranum. Skattlutfallið er reiknað á laun launþegans og millifærslur og bætur koma fram sem lækkun hlutfallsins. Ekki er tekið tillit til tryggingsgjalds launagreiðanda.

Nokkra þætti ber að nefna þegar myndin er skoðuð. Í flestum löndum hafa meðalskattar farið lækkaði. Skattar eru áberandi lægri á Íslandi, sérstaklega hvað hina tekjulægstu snertir. Skattbyrðin er t.d. u.þ.b. tvöfalt meiri á hina tekjulægstu í Danmörku miðað við hér á landi og um 50% hærrí í Svíþjóð fyrir árið 2005. Skattbyrði hinna tekjulægri hefur þó aukist lítillega á Íslandi á þessu tímabili. Að þessu skal nú vikið sérstaklega.

MEÐALSKATTLUTFALL HJÁ EINHLEYPUM Í NOKKRUM LÖNDUM OECD 2000 & 2005



HEIMILD: OECD TAXING WAGES 2004 2005


SKATTBYRÐI 1995 OG 2007

Miðað við þróun verðlags og kaupgjalds að teknu tilliti til aukins frádráttar vegna framlags í lífeyrissjóð á tímabilinu.

| Mánaðar laun 95 | Meðalskattur % 95 | Laun 95 skv. staða reynsluverðlagi janúar 2007 | Meðalskattur % 2007 | Laun 95 skv. staða reynsluverðlagi janúar 2007 | Meðalskattur % 2007 |
|-----------------|-------------------|--|---------------------|--|---------------------|
| 19 000 | 8 | 9 100 | 10 | 10 81 | 8 |
| 40 000 | 4 | 20 205 | 2 | 46 16 | 2 |
| 70 000 | 9 | 6 1 3 | 7 | 62 272 | 2 |
| 85 000 | 2 | 1 222 | 0 | 9 195 | 7 |
| 95 000 | 6 | 47 150 | 2 | 2 19 2 | 9 |
| 100 000 | 2 | 62 218 | 5 | 216 410 | 9 |
| 1 000 | 20 | 72 147 | 6 | 252 947 | 22 |
| 25 000 | 22 | 93 251 | 8 | 32 464 | 21 |
| 50 000 | 23 | 209 164 | 9 | 103 912 | 24 |
| 45 000 | 24 | 224 272 | 20 | 126 492 | 24 |
| 55 000 | 25 | 240 12 | 2 | 149 8 7 | 25 |
| 70 000 | 27 | 27 197 | 22 | 194 849 | 26 |
| 80 000 | 28 | 226 906 | 23 | 4 6 266 | 27 |
| 95 000 | 29 | 102 4 4 | 24 | 419 821 | 27 |
| 205 000 | 29 | 1 7 923 | 24 | 46 88 | 27 |
| 2 5 000 | 30 | 333 43 | 25 | 424 2 | 28 |
| 250 000 | 32 | 127 7 | 26 | 162 927 | 29 |
| 300 000 | 33 | 463 253 | 27 | 675 5 1 | 30 |
| 350 000 | 36 | 542 795 | 28 | 722 892 | 30 |
| 450 000 | 39 | 697 279 | 30 | 0 3 269 | 31 |

HEIMILD: WWW.RSK.IS OG EIGIN ÚTREIKNINGAR

SKATTEYSISMÖRK Á MÁNUÐI Á föstu verðlagi janúar 2007 frá 1989-2007



HEIMILD: WWW.RSK.IS OG EIGIN ÚTREIKNINGAR

ÚTGÁFUPLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Árnannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBREFF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

STARFSMANNAMÁL

Fjarverandi í dag?

Ekki er óalgenget að á vinnustað vanti tíu prósent af starfsfólki suma daga. Ástæður fjarvista eða skrópa geta verið af ýmsum toga s.s. óánægja í starfi, persónulegar ástæður, streita, fjölskylduvandamál, erfiðleikar með áfengi eða vímuefni og að sjálfsgöðu getur svo verið um eðlileg veikindi starfsmanns að ræða. Fjarvistir er þó hægt að minnka ef vandað er til verka og mörg fyrirtæki hafa fengið starfsmenn til liðs við sig við

að koma fram með hugmyndir að hvetjandi aðgerðum til að minnka fjarvistir.

BREYTTUR STJÓRNUNARSTÍLL

Til að minnka líkur á fjarvistum er vert að huga að stjórnunarstíl þeirra stjórnenda sem starfa í fyrirtækinu. Drottandi valdbóðsstíll getur leitt af sér fjarveru starfsmanna og verið fyrirtækinu dýrkeyptur. Stjórnendur sem temja sér slíkan stíl eru taldir vera slakir hlustendur sem setja fram óraunhæf markmið. Þeir eru ósveigjanlegir, kenna öðrum um vandamálin og líta á eigin leið sem þá einu réttu. Þannig er vert að finna út þá stjórnendur sem temja sér

þennan stíl og þjálfa þá til þess að tileinka sér ný vinnubrögð til að minnka starfsmannaveltu, starfsprot og ekki síst vandamál sem snúa að heilsu starfsmanna. Þar eru nefnilega líka verkir eins og höfuðverkur og bakverkur sem eru tengd óánægju í starfi.

BREYTTAR VINNUAÐSTÆÐUR

Þægilegt umhverfi með góðri lofttræstingu og finni lýsingu er nauðsynlegt á hverjum vinnustað en það sem skiptir meira máli eru eðlileg samskipti á milli starfsmanna. Innbyrðis spennan á milli starfsmanna er jafn algeng og spennan á milli starfsmanna og yfirmanna og oft kemur fyrir að starfsmenn

mæta ekki til vinnu vegna deilna við aðra starfsmenn og tilkynni þá veikindi. Talið er að þau fyrirtæki sem hafa sett þá stefnu að virðing skuli borin fyrir öllum starfsmönnum og að fagmennska skuli höfð í fyrirrúmi við mannleg samskipti hafi sýnt fram á minna stress og minni starfsmannaveltu í kjölfarið. Þannig er talið að minna stress í fyrirtæki leiði til færri fjarvistar og meiri skilvirkni. Margar leiðir hafa verið farnar til að minnka fjarvistir á vinnustöðum. Sum fyrirtæki hafa greitt starfsmönnum uppbot ársfjórðungslega fyrir „ónýtt“ veikindadaga. Önnur fyrirtæki hafa greitt starfsmönnum tvo tíma

aukalega fyrir hvern mánuð þar sem mæting er fullkomin. Sumir gefa fría skafmiða eða miða í hádegisverðarhlaðborð en mikilvægast er þó að fyrirtæki sniði sér stakk eftir vexti og vel getur verið að tveggja tíma laun séu ekki nógu mikil hvatning fyrir marga starfsmenn. Þá getur vel verið hentugra í öðrum fyrirtækjum að verðlauna duglega starfsmenn fyrir góða mætingu með því að leyfa þeim að fara klukkutíma fyrir heim á föstudögum. (Heimild: <http://www.employer-employee.com/>)

Sif Sigfúsdóttir, MA í mannauðsstjórnun.



niður fjölda greiðenda skatta eins og þeir voru 1995. Þróunin hvað þetta snertir skiptist í tvö horn. Annars vegar eru þeir sem voru með háar tekjur og greiða nú lægri meðalskatta af launum fyrir tilstuðlan lækkandi skatthlutfalla sem hafa meiri áhrif á þá en skattleysismörkin. Hins vegar eru hinir tekjulægri sem greiða nú ívið lægra hlutfall af tekjum sínum ef kjör þeirra hafa þróast eins og verðlag. Þar sem kjör hafa almennt batnað langt umfram verðlag greiða menn að jafnaði herra hlutfall tekna sinna í tekjuskatt. Fyrir þennan hóp skiptir þróun skattleysismarkanna máli. Aukinn kaupmáttur hefur leitt af sér hærri meðalskatt. Sérstaklega vegna þess hversu mikið kjörin hafa batnað. Þessi hækkun meðalskatts hefur skapað reiði eins og sést á síðum blaðanna og í almennri umræðu.

Tafla 1 sýnir hlutfall skatta af mánaðarlaunum eins og þau voru 1995. Taflan sýnir enn fremur reiknað hlutfall skatta ef launin frá 1995 hefðu þróast til dagsins í dag miðað við verðlagsþróun annars vegar og kaupgjaldsþróun hins vegar. Maður með 65.000 kr. 1995 var með 4% meðalskatt á þeim tíma. Ef laun hans hafa þróast í samræmi við þróun verðlags er meðalskattur hans í dag 2% en 12% ef kjör hans hafa þróast í samræmi við kaupgjaldsþróun. Í töflunni er gert ráð fyrir að um launamann sé að ræða sem greiðir 4% skyldubundið framlag í lífeyrissjóð. Þessi þróun hefur gert það að verkum að fjöldi einstaklinga sem greiðir skatt hefur vaxið. Vert er að staldra við og huga að tengslum skattprósentsunnar og skattleysismarkanna. Að gefnu ákveðnu tekjumarkmiði eða tekjubörf hins opinbera eru jákvæð tengsl á milli skattprósentsunnar og fjárhæðar skattleysismarkanna. Þeim mun hærri sem skattleysismörkin eru (hár persónuafsláttur) þeim mun fleiri greiða ekki skatt og þeim mun herra þarf skatthlutfallið að vera. Það verður því ekki sleppt og haldið í þessu efni. Stjórnmalaflokkar sem boða hækkun persónuafsláttar hljóta um leið að boða hækkun skatthlutfallsins að því gefnu að skatttekjur hins opinbera breytist ekki. Ef skattleysismörk eru há getur það skapað letjandi áhrif á vinnuframboð margra einstaklinga sem eru þá undir skattleysismörkum en rekast á „vegg“ skatthlutfallsins við hækkun launa t.d. með auknu vinnuframboði. Fræðin segja þessu til viðbótar að það sé skattprósantan en ekki skattleysismörkin sem stjórni því hversu hamlandi áhrif skattkerfis eru á vinnuframboð. Stjórnvöldum er því ákveðinn vandi búinn. Møguleikar á lágum skatthlutföllum eru tengdir því að skattleysismörk séu í hóf stillt ef menn vilja á annað borð halda í eins þreps kerfi. Áhugavert er í þessu efni að huga að samanburði við Norðurlönd. Það verður efni annarrar greinar í næstu viku.

Góður skrifstofustóll er það sem þú saknar mest þegar þú þarft að vinna annars staðar

Svein Asbjörnson



Hönnuður: Peter Opsvik

10 Year
Þessi skrifstofustóll er með 10 ára ábyrgð og lífstíðarábyrgð á hæðarpumpu.

HÅG H05

Þægilegur og sterkur

Mjög sterkur og endingargóður skrifstofustóll, hannaður fyrir mikla notkun. Þetta er einstaklega þægilegur og notendavænn stóll sem slegið hefur í gegn hjá íslenskum notendum.

- Umhverfisvænn heilsustóll
- Fylgir hreyfingum notandans
- Hvetur til hreyfingar
- Móttöðustilling fram og aftur
- Stærðarstilling og hæðarsillanlegt bak
- Hæðar- og breiddarstillanlegir armar
- Fæst með höfuðpúða
- Parkethjól

Tilboð kr. 75.760.-



Hönnuður: Søren Yran

10 Year
Þessi skrifstofustóll er með 10 ára ábyrgð og lífstíðarábyrgð á hæðarpumpu.

HÅG H03

Einstakur

Stóllinn sem uppfyllir allar helstu kröfur um heilsu- og umhverfisvæna stóla. Hann er unninn úr gosflöskutöppum og öðru endurunnu plasti sem gerir hann einstakan í sinni röð.

- Umhverfisvænn heilsustóll
- Fylgir hreyfingum notandans
- Hvetur til hreyfingar
- Móttöðustilling
- Stærðarstilling og dýptarstillanleg seta
- Hæðarstillanlegir armar
- Fæst með lægra baki
- Parkethjól

Tilboð kr. 43.900.-

Þú getur haft skrifstofustóla til reynslu í eina viku til að tryggja rétta valið



Hönnuður: Svein Asbjörnson

10 Year
Þessi skrifstofustóll er með 10 ára ábyrgð og lífstíðarábyrgð á hæðarpumpu.

HÅG H09

Framúrskarandi

Margverðlaunaður skrifstofustóll sem hentar vel fyrir þá sem aðeins velja það besta. Í þessum stól sameinast bæði glæsileg hönnun og framúrskarandi gæði.

- Umhverfisvænn heilsustóll
- Fylgir hreyfingum notandans
- Hvetur til hreyfingar
- Móttöðustilling
- Hæðarstillanlegur bakpúði
- Dýptarstillanleg seta
- Hæðar- og breiddarstillanlegir armar með leðurklæðningu
- Fæst með herra baki og höfuðpúða
- Parkethjól

Tilboð kr. 99.900.-

EG SKRIFSTOFU HÚSGÖGN

Ármúla 22 • 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • Fax 533 5901 • skrifstofa@skrifstofa.is
Opnunartími: mánudaga - föstudaga 9:00 - 18:00

www.skrifstofa.is

RE/MAX og Vodafone semja

Fasteignasalan RE/MAX skrifaði nýlega undir samning við Vodafone á Íslandi um heildarfjarskiptabjónustu fyrirtækisins. Samningurinn gildir til næstu þriggja ára og nær til hefðbundinnar símaþjónustu, farsíma- og gagnatenginga við allar fasteignasölur sem starfa undir merkjum RE/MAX hér á landi.

Hjá RE/MAX starfa um 170 manns á tólf fasteignasölum á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ og á Selfossi. Munu tvær sölur bætast við á þessu ári.

Í fréttatilkynningu frá RE/MAX kemur fram að umsvif keðjunnar hafi aukist gríðarlega. Meira en fjórðungur allra fasteigna sem ganga kaupum og sölum á höfuðborgarsvæðinu



AD LOKINNI SAMNINGSUNDIRRITUN Hödd Vilhjálmssdóttir, söluráðgjafi á fyrirtækjarsviði Vodafone, og Lilja Björk Ketilsdóttir, framkvæmdastjóri RE/MAX á Íslandi, takast í hendur. Ad baki þeim standa fulltrúar RE/MAX.

fari í gegnum fasteignasöluna.

Í tilkynningunni segir að samningurinn við Vodafone sé í takt við þá stefnu stjórnenda RE/MAX að sjá hverri fasteignasölu fyrir hagkvæmri grunn-

þjónustu og heppilegum lausnum. Þannig gefist fasteignasölunum meiri tími til að einbeita sér að því að þjóna viðskiptavinum við að kaupa og selja fasteignir.

- hhs

Málþing um traust og trúverðugleika

Alþjóðleg könnun almannatengslafyrirtækisins Edelman á trausti og trúverðugleika verður kynnt í fyrsta skipti hér á landi á málþingi í Salnum í Kópavogi 3. maí næstkomandi. Framkvæmdastjóri Edelman í Evrópu, David Brain, mun kynna niðurstöður nýjustu könnunarinnar og þróun síðustu ára.



DAVID BRAIN

Halla Tómasdóttir, fram-

kvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, Ás- laug Pálsdóttir, framkvæmdastjóri AP almannatengsla, David Brain, framkvæmdastjóri Edelman í Evrópu, og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, rannsóknastjóri Capacent, flytja erindi á málþinginu en að því loknu verða pallborðsumræður.

- jab

FÓLK Á FERLI

JENSINA KRISTÍN BÖDVARSDÓTTIR hefur hafið störf sem forstöðumaður sölu á



einstaklings- sviði hjá Símanum. Hún lauk BS-prófi í auglýsingafræði frá San Jose State University árið 1994 og MBA-prófi frá University of San Diego árið 1996. Jensína hóf störf hjá Gallup að námi loknu. Jensína var starfsmannastjóri Norðurljósa frá ágúst 1999 til júní 2001. Hún var framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar IMG og síðar framkvæmdastjóri mannauðssviðs IMG frá júlí 2001 til maí 2004. Jensína var sölu- og markaðsstjóri Globus þar til hún hóf störf hjá Símanum á þessu ári.

PETREA I. GUÐMUNDSDÓTTIR hefur verið ráðin í stöðu forstöðumanns



stefnumótunar og sérverkefna á einstaklingssviði Símans. Petrea hefur starfað hjá Skjánum síðastliðið ár sem framkvæmdastjóri markaðssviðs. Þar áður vann hún hjá Símanum í sex ár, síðast sem deildarstjóri markaðsdeildar. Petrea er viðskiptafræðingur frá HÍ.

ANNABELLA JÓSEFSDÓTTIR hefur verið ráðin í söluhlutur Íslandsprents. Annabella, sem hefur þegar hafið störf, sér um samskipti við viðskiptavinum, tilboðsgerð og öflun nýrra viðskiptavina. Áður starfaði hún sem sölumaður umbúða hjá Kassagerðinni, var í samskiptum við viðskiptavinum, tók við pöntunum og fylgdi verkefnum í gegnum framleiðsluferlið. Þá sá hún einnig um áætlanagerð og verðútreikninga.



ÞORLEIFUR RÚNAR ÖRNÓLFSSON hefur hafið störf hjá Íslandsprenti sem sölumaður. Þorleifur Rúnar hefur yfirgrípsmikla reynslu og þekkingu á prentfaginu. Hann vann lengst af hjá Prentverki Akraness, síðast sem markaðsstjóri, og síðan hjá Prentmeti, eftir að það fyrirtæki keypti Prentverk Akraness, þá sem prentsmiðjustjóri.



ODDGEIR GUNNARSSON er nýr starfsmaður Íslandsprents og starfar sem sölumaður. Oddgeir, sem er prentsmiður að mennt, starfaði í sex ár hjá Prentsmiðjunni Odda við umbrot, skeytingu og í undirbúningsdeild. Hann starfaði síðast hjá Prentmeti þar sem hann vann í sjö ár við stafræna prentun, lengst af sem verkstjóri.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR

Ávaxtaðu betur

- í þeirri mynt sem þér hentar

ávöxtun í krónum **15.8%*** ávöxtun í evrum **5.5%*** ávöxtun í dollurum **6.2%*** ávöxtun í pundum **5.7%***

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings í ISK, EUR, USD og GBP.

Sérfræðiaðstoð við fjárfestingar hringdu í síma **444 7000**

*Nafnávöxtun í ISK, EUR, USD og GBP á ársgrundvelli fyrir tímabilið 28/02/07 - 30/03/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýsingu eða útdrætti úr útboðsýsingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.

KAUPÞING

8

ALLRA ÁTTA
VEFSÍÐUFYRIRTÆKI

„Vegir liggja til
...Allra Átta!“

www.8.is

→ Vefsíðuhönnun → A8 Vefumsjón → Ráðgjöf

Allra Átta ehf. • Skútuvogur 1e • 104 Reykjavík • Sími: 588 8885 • Netfang: 8@8.is • Veffang: www.8.is



Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Skipaþjónusta

A góðumjámum



HÉÐINN

Stórárs 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

Leikur að læra... líka í MBA-námi

Nemendur í rekstrarstjórnun MBA-náms í Háskóla Íslands hafa á þessari önn sókk sé ofan í tölvuleiki af sömu ákefð og leikjaglaðir unglingar. Skemmtun er þó ekki aðal hugmyndin að baki þeirra leikjum. Hún fylgir frekar með í kaupunum, í einhverjum tilfellum að minnsta kosti. Tilefnið er samkeppni hópa á milli í rekstrarstjórnun í MBA-námi í Háskóla Íslands.

„Það skemmtilegasta við að nota leiki við kennslu er að það virkar svo hvetjandi á nemendur,“ segir Ingjaldr Hannibalsson, prófessor í rekstrarstjórnun við Háskóla Íslands. „Þar að auki eykur það samstillingu milli hópmeðlima að vinna að sameiginlegu markmiði.“

Leikir eru títt notaðir í bandarískum háskólum við kennslu í rekstrarstjórnun, að sögn Ingjalds. Hönnuður leiksins sem notaður er í Háskóla Íslands byrjaði að þróa hugmyndina þegar hann var kennari við Stanford-háskóla. Eftir að hafa séð hversu vel hún reyndist stofnaði hann fyrirtæki sem hann rekur nú undir nafninu Littlefield Technologies og tileinkað er leikjum til kennslu.

Þúsundir nemenda víðs vegar um heim hafa nýtt sé kosti leikjanna. Á heimasíðu fyrirtækisins er verksmíðjuhermir sem nemendurnir nýta. Þeir keppa í hópum um hver nær bestum árangri við stýringu framleiðslu-magns og birgðastýringu miðað við breytilega eftirspurn. Allt er þetta spurning um að hámarka



SPÁÐ Í NÆSTA LEIK Siggeir Vilhjálmsson, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir og Atli Björn Bragason, nemendur í MBA-námi við Háskóla Íslands, spá í næsta leik.

MARKAÐURINN/HEIDA

hagnað með sem minnstum tilkostnaði.

„Þetta er mun meira hvetjandi aðferð en að reikna dæmi upp úr kennslubók. Þar að auki er engin ein leið rétt í rekstrarstjórnun. Það hversu vel nemendur ná að stýra ferlinu í leiknum sýnir þeim svart á hvítu hversu góðir rekstrarstjórnendur þeir eru,“ segir Ingjaldr.

Nemendur sem blaðamaður Markaðurins hitti voru Ingjaldr og samfélagi um ágæti leiksins. Sögðu þeir aðferðirnar sambærilegar við þær sem notaðar eru í alvöru rekstri. Verkefnið snerist um að nýta fjármagn með þeim hætti að úr því næðist sem mest arðsemi. Þeir viðurkenndu að grimm samkeppni hefði ríkt hópa á milli á meðan á leikjunum stóð og mikil leynd ríkt um leikaðferðir. Þannig er það líka í raunheiminum eins og nemendurnir þekkja enda búa langflestir MBA-nema yfir töluverðri starfsreynslu. -hhs

AP almannatengsl í samstarfi við Viðskiptaráð Íslands og Capacent kynna:

Hverjum treystum við?

Málþing um traust og trúverðugleika fimmtudaginn 3. maí kl. 15:00

Traust og trúverðugleiki verða meginumræðufni málþings sem haldið verður í **Salnum, Kópavogi, 3. maí**. Meðal annars verða kynntar niðurstöður áttundu árlegu könnunar almannatengslafyrirtækisins Edelman, The Edelman Annual Trust Barometer 2007.

Traustskönnunin er framkvæmd árlega í 18 löndum um allan heim og mælir viðhorf skilgreindra áhrifavalda til trausts og trúverðugleika fyrirtækja, stjórnvalda, félagsamtaka og fjölmiðla. Jafnframt eru traust og trúverðugleiki ákveðinna boðleiða mæld. Niðurstöðurnar eru jafnan kynntar á heimsviðskiptaráðstefnunni í Davos og hafa vakið mikla athygli helstu viðskiptafjölmiðla heims.

Capacent hefur í fyrsta sinn framkvæmt sambærilega könnun á Íslandi og verða niðurstöður þeirrar könnunar kynntar á málþinginu.



Halla



Áslaug



David



Guðbjörg



Sigmundur

Dagskrá

14:30 **Skráning**

15:00 **Ávarp:** Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

15:10 **Traustskönnun Edelman – þróun og nýjar leiðir í samskiptum**
Áslaug Pálsdóttir, framkvæmdastjóri AP almannatengsla.

15:20 **The Edelman Annual Trust Barometer 2007**
David Brain, framkvæmdastjóri Edelman í Evrópu.

16:00 **Traust og trúverðugleiki á Íslandi – niðurstöður úr könnun Capacent**
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, rannsóknastjóri Capacent.

16:15 **Pallborðsumræður**



Agnes Bragadóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður, Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri grænna, Þóður Friðjónsson, forstjóri OMX Nordic Exchange á Íslandi, og Þórir Guðmundsson, ritstjóri Vísis.

17:00 **Léttar veitingar**

Fundarstjóri: Sigmundur Emir Rúnarsson fréttastjóri.

Málþingið er öllum opið en þátttökugjald er kr. 14.900. Skráning fer fram á netfanginu skraning@appr.is eða í síma 511 1230. Skráningu lýkur á hádegi miðvikudaginn 2. maí. Nánari upplýsingar á www.appr.is.



ALMANNATENGL



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS



Edelman er eitt stærsta almannatengslafyrirtæki í heimi með um 2.600 starfsmenn í 46 löndum. AP almannatengsl eru samstarfsaðili Edelman á Íslandi.



Með bilinn handa þér

BMW 3 lína
www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure

Samhljómur
Hughrif
Hefð

Kr. 35.300* á mánuði.



* BMW 318i kr. 3.750.000.
Utborgun 30%.
Lán í 84 mánuði.

Bíll á mynd: BMW 318i með 17" álfelgum og krómlistum.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is

Hversu hátt stefnir

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir
Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.

Himinn og haf / SIA - 9070354




ÖRUGGA SAFNIÐ

16,1% ávöxtun

Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur,
lítill áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf




HEFÐBUNDNA SAFNIÐ

20,8% ávöxtun

Áhersla á góða ávöxtun og áhættu-
dreifingu, meðaláhætta.

- 50% skuldabréf
- 50% hlutabréf



Þú?




ÁVÖXTUNARSAFNIÐ

24,9% ávöxtun

Meiri sveiflur, hærrí væntingar.
Áhersla á góða áhættudreifingu með
erlendum og íslenskum verðbréfum.

- 75% hlutabréf
- 25% skuldabréf



Kaup í þessum söfnum, sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman, miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í Virkri sjóðastýringu. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni.

 **Netbankinn**

Netbankinn býður viðskiptavinum sínum
verðbréfabjónustu og ráðgjöf í samstarfi
við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt
á www.nb.is.


VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við árið 2006. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað.

BANKA HÓLFID



Milljarðar fyrir BTC

Söluferli á 65 prósentu hlut Novator, félags í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar í búlgarska símafélaginu Bulgarian Telecommunication Company (BTC), lýkur í lok þessa mánaðar.

Fjórir bjóðendur hafa lagt fram tilboð í hlutinn en líklegustu kaupendur eru símfélögin Oger Telecom, sem er með höfuðstöðvar í Dubai, og tyrkneska félagið Turcell. Aðrir bjóðendur eru fjárfestingarsjóðirnir Providence Equity Partner, Texas Pacific Group, Warburg Pincus og Mid Europa Partners.

Kaupverð er talið liggja í 1,65 til 1,96 milljörðum evra, jafnvirði 146,3 til 173,8 milljarða íslenskra króna.

Hróaheilkennið kemur á óvart

Jafnaðarhyggja virðist fólki í blóð borin að því er fram kemur í nýrri rannsókn sem framkvæmd var við Kaliforníuháskóla, en niðurstöðurnar voru birtar í tímaritinu Nature.

Í rannsókninni var stórum hópi nemenda skipt í fjóra hópa með mismikil fjárráð innan hópanna. Síðan var skoðað hvernig fólk brást við, en hver og einn gat tekið ákvarðanir sem höfðu áhrif á hina í hópnum. 70 prósent drógu að minnsta kosti einu sinni úr tekjum einhvers annars og þrír fjórðu gáfu eigið fé til að aðstoða einhvern sem lítið átti í eigin hópi. Vísindamennirnir segja að jafnræðistilhneigingin sé mun sterkari hjá fólki en þeir hafi búist við, en hún útskýri að hluta hversu vel fólki gangi að vinna saman. Að sama skapi er fólk líklegra til að „refsa“ þeim sem ekki starfa með öðrum.

Dúfur úr hrafnsleggjum

Á fjármálamarkaði hafa einhverjir haft af því áhyggjur að fjármagnsflótti brjótist út ef Vinstri græn komist til valda. Þessi ótti á rætur í fremur glannalegum yfirlýsingum um hverju sé fórnandi til að ná fram meiri jöfnuði í samfélaginu, þar sem flutningi banka úr landi hefur verið til fórnandi.

Hræðslumönnum til huggunar má benda á að hugsanlegt er að hægt sé að koma forystumönnum Vinstri grænna í skilning um grundvallarlög málgagnfræðinnar. Þannig eru tvö börn þingmanna flokksins mjög frambærilegir hagfræðingar sem vinna hjá Kaupþingi, stærsta banka landsins; sonur Jóns Bjarnasonar og dóttir Ögmundar Jónssonar. Leiðsögn til feðranna er því fyrir hendi, en spurning hvort þarna séu dúfur úr hrafnsleggi og þar með lítills skilnings að vænta.

795 sæti sem Kaupþing vermir á lista Forbes yfir stærstu fyrirtæki veraldar.

1/2 milljarður króna sem tölvuleikjaframleiðandinn CCP hagnaðist um í fyrra.

6.700 starfsmenn hjá íslenskum fyrirtækjum í Frakklandi.

www.icelandexpress.is/vinnuferdir

Sérfræðingarnir eru sammála: „Buy Low!“

*Kauptu á lægsta mögulega verði

» Þú þarft ekki heila greiningardeild til að sjá kosti þess að bóka vinnuferðina hjá Iceland Express. Þegar kemur að því að fljúga, gilda sömu einföldu lögmálin og í viðskiptum: Kauptu á besta verðinu og ekki eyða peningum fyrirtækisins í vitleysu. Fljúgðu ódyrt með Iceland Express.

Þú bókar á www.icelandexpress.is



ACCOUNTING MADE EASY

Best Cost Cutting Tips

HOW I MADE MY FIRST MILLION

THE WINNING STRATEGY - buy low, sell high

THE TEN COMMANDMENTS OF BUSINESS

HOW TO GET RICH

YOU CAN ACCOUNT ON ME - Cost cutting made easy

BE A MILLIONAIRE!

» VERÐ FRÁ: **7.995 kr.**

Aðra leið með sköttum.

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

» www.icelandexpress.is



Hversu hátt stefnir þú?

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir

Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.



VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is




HEFÐBUNDNA SAFNIÐ

20,8% ávöxtun

Áhersla á góða ávöxtun og áhættudreifingu, meðaláhætta.

- 50% skuldabréf
- 50% hlutabréf



Hinn og haf / SIA – 9070354